


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Gluggar




ALVÖRU VIP-PARTÍ
Steindi Jr. fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar á föstudaginn með veglegu teiti á Austur.
fólk 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
19. júlí 2011
166. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




Miklir eldhugar
*Ungmennafélagið Vaka er 75 ára.*
tímamót 18

Einn deyr daglega
*„Fyrir þá sem vilja hætta tóbaksnotkun hefur verið sýnt fram á það að það er aldrei of seint að hætta,“ segir Jóhanna S. Kristjánsdóttir.*
umræðan 16



Hetja í fyrsta leiknum
*Steven Lennon tryggði Fram fyrsta sigur sumarsins í sínum fyrsta leik.*
sport 26

veðrið í dag




**HLÝJAST SV-TIL** Í dag verður hæg N-læg eða breytileg átt en örlítið hvassara NV-til og allra austast. Þokubakkar við N- og A-ströndina en nokkuð bjart SA-til. Stöku skúrir V-til.
VEÐUR 4

# Stórframkvæmdir í biðstöðu eða óhafnar

**Af sautján stórum fjárfestingarverkefnum sem tilgreind voru í tengslum við stöðugleikasáttmálann frá júní 2009 hafa einungis tvö verið kláruð. Mörg verkefni eru í biðstöðu eða ekki komin af stað. Dregið gæti til tíðinda í haust.**

**EFNAHAGSMÁL** Lítill hluti þeirra fjárfestingarverkefna sem voru sérstaklega tilgreind í tengslum við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá því í júní 2009 hefur orðið að veruleika. Langflest verkefnin eru í biðstöðu en framkvæmdir gætu hafist við nokkur á næstu misserum.

Í minnisblaði sem fylgdi stöðugleikasáttmálanum var kveðið sérstaklega á um sex verkefni sem þóttu þegar liggja fyrir. Af þeim hefur eitt verkefni, Harpa, verið klárað. Tvö eru í fullum gangi, Búðarhálsvirkjun og stækkun álversins í Straumsvík, en óvissa er um framtíð þriggja.

Af ellefu orkutengdum verkefnum sem sögð voru á teikniborðinu árið 2009 hefur einungis eitt verið klárað, gagnaverið Thor Data Center í Hafnarfirði. Ef frá eru skildar tvær jarðvarmavirkjanir sem Landsvirkjun hefur boðið út eru öll hin verkefnin annaðhvort í biðstöðu eða ekki komin almennilega af stað. Vonir eru þó bundnar við að framkvæmdir geti brátt hafist við kísilver í Helguvík og pappírsverksmiðju á Hellisheiði.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað lýst því yfir að nauðsynlegt sé að stórauka fjárfestingu hér á landi. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga frá því í maí var sett markmið um að fjárfesting yrði á næstu árum sem næst 20 prósentum af landsframleiðslu á ári. Hlutfallið var 13 prósent á síðasta ári og hefur aldrei verið lægra.

- mþl / sjá síðu 10

Björn Jörundur á svið:

## Sjóræningi í Gulleyjunni

**FÓLK** „Ég hef góða tilfinningu gagnvart þessu verkefni og held að sýningin verði stórskemmtileg. Ég hlakka til að hræða krakkana og mæður þeirra,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson sem fer úr sjómannagallanum og bregður sér í sjóræningjabúning með haustinu.


BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON

Björn Jörundur fer með eitt aðalhlutverkanna í Gulleyjunni og fer þar með hlutverk sjóræningjans Langa Jóns Silver eða Long John Silver. Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson skrifa leikgerðina og er sýningin samstarfsverkefni LA og Borgarleikhússins.

- áp / sjá síðu 30



**BORGIN VÖKVUÐ** Starfsmenn Reykjavíkurborgar vökvuðu blómabeðið sem myndar skjaldarmerki borgarinnar snemma í gærmorgun enda hefur ekki rignt mikið í höfuðborginni síðustu daga. Mikið hefur verið rætt um órækt í borginni undanfarnar vikur og þó að vel hafi verið hirt um beðið á eftir að huga að grasinu þar í kring.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Fleiri hundar og kettir illa haldnir af gras- og frjókornaofnæmi og fæðuóþoli:

# Ofnæmisveikum dýrum fjölgar

**DÝR** Ofnæmistilfellum meðal gæludýra hefur fjölgað hérlendis á síðustu árum. Þetta er mat Elfu Ágústsdóttur dýralæknis á Dýraspítalanum í Lögmannshlíð á Akureyri. Þar hefur starfsfólkið ekki haft undan að hlúa að köttum og hundum sem þjást af gras- og frjókornaofnæmi auk fæðuóþols.

Að sögn Elfu leita mun fleiri aðstoðar vegna ofnæmis í hundum en köttum. „Fjölgun ofnæmistilfella virðist haldast í hendur við vinsældir tiltekinna hundategunda. Mann grunar að sumir ræktendur freistist til að selja undan dýrum sem vitað er að þjást af ofnæmi þar sem engar reglugerðir banna slíkt þótt það sé siðferðislega rangt.“

Elfa telur slíka ræktun hreinan bjarnargreiða við kaupendur sem þurfi að standa straum af lyfjaog sérfæðiskostnaði sem geti jafnvel hlaupið á hundruðum þúsunda króna á ári.

Ofnæmiseinkennin koma oft fram hjá dýrunum við sex mánaða og upp í þriggja ára aldur, en greining fæst með samspili sjúkdómssögu og blóðprufu.

- rve / Allt í miðju blaðsins



**AUKIÐ OFNÆMI** Fólk leitar oftar til dýralækna vegna ofnæmis í hundum en köttum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## SPURNING DAGSINS



*Regína, eruð þið í rusli yfir sóðaskapnum?*

„Nei – við ruslum bara upp nokkrum sektarmiðum og komum út í bullandi gróða."

Regína Ásvaldsdóttir er staðgengill borgarstjóra. Til skoðunar er hjá Reykjavíkurborg að sekta þá einstaklinga á staðnum sem verða uppvísir að sóðaskap.

Landssamtök sauðfjárbænda segja innanlandsmarkaðinn í forgangi hjá þeim:

# Segir lambakjötsbirgðir duga út sumarið

**LANDBÚNAÐUR** Það er ekki rétt að skortur sé á lambakjöti hér á landi, segir formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri hjá Ferskum kjötvörum, sagði í fréttum Ríkisútvarpsins í gær að skortur væri á lambakjöti á Íslandi. Hann hefur óskað eftir því við landbúnaðarráðuneytið að fá leyfi til innflutnings á lambalærum.

„Birgðastaðan 1. júlí var 1100 tonn, og síðustu ár hefur salan þessa sumarmánuði verið í kringum 500 tonn á mánuði. Það eru tveir mánuðir, júlí og ágúst, þangað til ný sláturtíð hefst," segir Sigurgeir Sindri.

Hann segir að mögulegt sé að minna sé til af ákveðnum bitum en öðrum. „Ég er svo jákvæður fyrir því að við förum inn í nýja sláturtíð með nánast tómar geymslur, mér finnst það bara frábært nýting. Það hafa oft verið sögur um kjötfjöll sem hafi verið sturtað á haugana."

Um fjörutíu prósent af íslensku lambakjöti eru flutt úr landi. Sigurgeir Sindri segir að þótt sala erlendis gangi vel sé innanlandsmarkaðurinn í forgangi. „Innanlandsmarkaður er okkar besti markaður, hefur alltaf verið og mun alltaf verða. Við bændur verðum mjög óánægðir ef það er kjötlaust á Íslandi. Við erum hérna til að sinna íslenskum neytendum fyrst og fremst."

Ekki náðist í Leif Þórsson, framkvæmdastjóra Ferskra kjötvara, í gær. **- þeb**



**LAMBAKJÖT** Sauðfjárbændur segja birgðir duga fram að næstu slátrun, sem sé fín nýting. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lúxushótel risið árið 2015:

## Sex tilboð í hótel við Hörpu

**SKIPULAGSMÁL** Sex tilboð bárust í byggingu hótels á reitnum vestan við tónlistarhúsið Hörpu. Tilboðsfrestur rann út í gær.

Tilboð bárust frá þremur íslenskum og þremur erlendum aðilum. Í útboðsgögnunum fyrir lóðina við hlið Hörpu var bygging hótels þar áskilin í samvinnu við alþjóðlega hótelkeðju. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti 250 herbergja hóteli sem verði fjórar til fimm stjörnur. Byggingin getur að hámarki orðið 28 þúsund fermetrar ofan jarðar.

Situs hf., sem á lóðina, fer nú yfir tilboðin. Markmið fyrirtækisins er að hótelrekstur verði hafinn vorið 2015. **- þeb**



**Á FLEYGIFERÐ** Hjólreiðamenn bruna niður Skálafell á fjallahjólum. MYND/BOB VAN DUIN

Betri nýting á skíðasvæði:

## Hjólað niður Skálafell

**HEILSA Skálafell Bike Park var opnaður formlega um síðustu helgi. Þar er að finna tvær hjólreiðabrautir í 220 metra fallhæð. Þangað er farið með stólalyftu en markmiðið er að nýta betur þjónustu skíðasvæðisins yfir sumartímann.**

**„Í fyrra vorum við með eina braut en núna höfum við bætt annarri við," segir Einar Bjarnason rekstrarstjóri Bláfjalla. Nú henti svæðið bæði byrjendum og lengra komnum. Hann segir aðstæðuna einnig nýtast skíðagöngufólki.** **- ve / sjá allt**



**HUGMYND AÐ HÖFUÐSTÖÐVUM** Sigurður Einarsson arkitekt hefur gert tillögu fyrir höfuðstöðvar Skógræktarfélags Íslands í austanverðri Öskjuhlíð. MYND/SIGURÐUR EINARSSON - BATTERÍIÐ.

# HR og skógræktarfólk vilja Öskjuhlíð í fóstur

**Háskólinn í Reykjavík og Skógræktarfélag Íslands vilja taka Öskjuhlíð í fóstur og að borgin feli þeim að fegra og byggja upp svæðið. Skógræktarfélagið biður jafnframt um lóð til að byggja nýjar höfuðstöðvar við aðkeyrsluna að Perlunni.**

**SKIPULAGSMÁL** Öskjuhlíð gæti komist í forsjá Skógræktarfélags Íslands og Háskólans í Reykjavík ef borgaryfirvöld samþykkja tillögu þessara aðila.

„Við undirritaðir erum sannfærðir um að Skógræktarfélag Íslands og Háskólinn í Reykjavík séu réttir aðilar til að halda utan um þá uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað í Öskjuhlíðinni til að hún geti orðið sú útivistarperla sem hún sannarlega býður upp á," segja Ari Kristinn Jónsson, rektor skólans, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélagsins, í bréfi til Jóns Gnarr borgarstjóra.

Hugmyndin er sú að aðilarnir tveir, í nánu samstarfi við borgina, verði „fósturforeldrar" Öskjuhlíðar. „Í því felst að SÍ og HR skuldbinda sig til að bera ábyrgð á svæðinu á komandi árum, stuðla að fegrun þess og uppbyggingu og laða að önnur fyrirtæki og stofnanir í nágrenni Öskjuhlíðar til að leggja sitt af mörkum til að vinna að uppbyggingu og fegrun svæðisins," segir í erindinu til borgarstjóra.

Ari og Magnús segja meðal annars mikla ónýtta möguleika varðandi göngustíga, íþróttir, fræðslu og ferðamennsku í Öskjuhlíð. Staðurinn gæti gegnt lykilhlutverki sem útivistarsvæði. Skipuleggja þurfi skógræktina mun betur. „Þarna þarf að grisja og gróðursetja með fjölbreytni í huga, til dæmis blómstrandi rósir og berjarunna," segja þeir í bréfi sínu.

Málið er nú á leið til skoðunar í skipulagsráði borgarinnar. Auk þess sem aðilarnir vilja fóstra Öskjuhlíðina óskar Skógræktarfélag Íslands eftir lóð fyrir nýjar höfuðstöðvar á svæðinu. Félagið segir húsinu ætlað að vera „hjarta" skógræktaráhugamanna á Íslandi. Húsið verði lágreist og sem næst Perlunni til að raska svæðinu sem minnst.

„Skógræktarfélag Íslands mun líta á sitt nýja heimili sem „póst" á ferð útivistarfólks um stígakerfi Öskjuhlíðarinnar, þar sem það getur staldrað við, slappað af eða leikið sér samhliða því að fræðast um skógrækt og Öskjuhlíðina. Með veru sinni í Öskjuhlíðinni vill félagið gjarnan koma að skipulagi og framkvæmd við grisjun og plöntun ríkari flóru á svæðinu," segir í lóðarumsókn skógarmanna. **gar@frettabladid.is**

Velgengni útlendinga í Fljótaá:

## Tveir risalaxar á sömu snælduna

**STANGVEIÐI Breskur veiðimaður veiddi í gær 106 sentimetra lax á Valdabreiðu í Fljótaá í Skagafirði. Að sögn Árna Jörgensen, sem gjörþekkir ána, má áætla að laxinn hafi verið allt að 28 pund. Árni segir stórlaxinn hafa verið veiddan á nákvæmlega sömu svörtu hálftommu snælduna sem Kandamaður var með þegar hann landaði 97 sentimetra laxi úr Steinseyrarbreiðu í Fljótaá fyrir nokkrum dögum. Fyrri veiðimaðurinn hafi sennilega gefið þeim síðari snælduna þegar hollaskipti voru í ánni. Að sögn Árna hefur gengd stórlaxa í Fljótaá aukist jafnt og þétt síðustu ár eftir að gert var skylt að sleppa öllum laxi.** **- gar**



**FLUG** Ekki má mikið út af bregða til að yfirvinnubann valdi töfum á flugi Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Deila flugmanna enn í hnút:

## Sjá ekki fram á tafir á flugi

**SAMGÖNGUR** Samninganefndir flugmanna og Icelandair funduðu hjá ríkissáttasemjara í gær, og stóð fundurinn enn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Yfirvinnubann flugmanna hjá félaginu tekur gildi klukkan 14 í dag.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að vaktir næstu daga séu fullmannaðar og yfirvinnubannið muni því ekki hafa fyrirsjáanleg áhrif. Þó megi ekki mikið út af bregða. Flugmenn felldu kjarasamning við Icelandair sem náðist eftir að yfirvinnubann þeirra. **- bj**




Innanríkisráðherra getur ekki mælt fyrir um endurupptöku mála:

# Hæstiréttur einn hefur valdið

**STJÓRNSÝSLA** Einungis Hæstiréttur hefur vald til þess að endurupptaka dómsmál. Innanríkisráðherra getur því ekki skipað fyrir um að mál séu endurupptekin, en hann getur þó sent réttinum beiðni þar um.



**SIGURÐUR LÍNDAL**

Krafan um endurupptöku í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu hefur orðið æ háværari í kjölfar andláts Sævars Ciesielski, en hann var einn sakborninganna í málinu. Margir hafa beint máli sínu til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra og hvatt hann til að beita sér fyrir endurupptöku. Undirskriftasöfnun er hafin á netinu þar um. Hæstiréttur hefur í tvígang hafnað endurupptöku málsins.

Sigurður Líndal prófessor segir að það væri andstætt þrískiptingu valdsins ef pólitískur ráðherra hefði heimild til að skipa fyrir um endurupptöku mála. Hana hafi Hæstiréttur einn.

Ráðherra geti þó sent réttinum beiðni um endurupptöku, líkt og aðrir. Fjölmörg skilyrði séu tilgreind fyrir endurupptöku. „Ég sé ekki að ráðherrann geti gert annað en að beina því til Hæstaréttar að hann taki málið upp."

Sú hugmynd hefur einnig skotið upp kollinum að skipuð yrði rannsóknarnefnd sem færi yfir málið. Sigurður segir slíka nefnd ekki myndu hafa lagalegt gildi, en hún gæti haft pólitískt vægi.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. **- kóp**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Ráðherra vill ekki tjá sig um kröfuna um að Guðmundar- og Geirfinnsmálið verði tekið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ellingsen

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

**48% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA COREMIC RIDGE KVEN- OG KARLASTÆRÐIR
VERÐ KR.
**13.900**
ÁÐUR 26.990



**20%** AFSLÁTTUR AF **DEVOLD** ÚTIVISTARFATNAÐI



**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**

# SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

**50%** AFSLÁTTUR AF **CHAR-BROIL** GRILL-AUKAHLUTUM

**25%** AFSLÁTTUR AF **GÖNGUSKÓM**



**25% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA HEAD WALL GÖNGUBUXUR
VERÐ KR.
**14.993**
ÁÐUR 19.990



**33% AFSLÁTTUR**
COLEMAN HITABRÚSI 0,75 L
VERÐ KR.
**2.990**
ÁÐUR 3.990



**20%** AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM VEIÐIVÖRUM**



**VERÐDÆMI**

**Dömuúlpa**, áður 51.490 kr. — núna: **15.447**
**Herraúlpa**, áður 17.990 kr. — núna: **8.995**
**Barnakuldagalli**, áður 14.490 kr. — núna: **7.245**
**Snjóbuxur S–XXL**, áður 8.990 kr. — núna: **4.495**
**Softshell-peysa, dömu**, áður 18.490 kr. — núna: **5.547**
**Dömuútivistarjakki** (Vind og vatnsheldur), áður 24.990 kr. — núna: **7.497**

*Ath. að vörurnar í dæmunum hér að ofan fást aðeins í Reykjavík.*

PIPAR\TBWA • SÍA • 111982

**36% AFSLÁTTUR**
COLEMAN TJALD, ALASKA
VERÐ KR.
**15.900**
ÁÐUR 24.900



**15% AFSLÁTTUR**
CAMPINGAZ FARGO FERÐAGASGRILL
VERÐ KR.
**16.900**
ÁÐUR 19.900





**25%** AFSLÁTTUR AF **COLUMBIA OG DIDRIKSON** ÚTIVISTARFATNAÐI

**29% AFSLÁTTUR**
COLEMAN STÓLL M. HLIDARBORÐI
VERÐ KR.
**8.490**
ÁÐUR 11.900



**35% AFSLÁTTUR**
COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL
VERÐ KR.
**6.490**
ÁÐUR 9.990



## GENGIÐ 18. JÚLÍ.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,88 | 118,44 |
| Sterlingspund | 189,41 | 190,33 |
| Evra | 165,35 | 166,27 |
| Dönsk króna | 22,171 | 22,301 |
| Norsk króna | 21,075 | 21,199 |
| Sænsk króna | 17,891 | 17,995 |
| Japanskt jen | 1,4897 | 1,4985 |
| SDR | 186,72 | 187,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,4895

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vonsvikinn farþegi í martraðarflugi frá París fellst á útskýringar og afsökunarbeiðni forstjóra Iceland Express:

# Fá nýja flugmiða, 400 evrur og út að borða

**ÞJÓNUSTA** Farþegar í miklu hörmungarflugi Iceland Express frá París um liðna helgi fá fébætur og nýtt flug með félaginu.

„Þeir báðust innilega afsökunar og buðu bætur handa öllum farþegum og við erum bara sátt við það,“ segir Óli Þór Barðdal, einn farþeganna, en átti í gær fund með Matthíasi Imsland, forstjóra Iceland Express.

Eins og komið hefur fram tafðist brottför vélarinnar frá París í um einn og hálfan sólarhring. Í stað þess að fara í loftið klukkan 14.20 á föstudegi var flugtak ekki fyrr en að ganga tvö aðfaranótt sunnudags. Í millitíðinni þurftu sumir farþeganna að sætta sig við að gista með ókunnugu fólki í hótelherbergjum. Auk þessa alls gagnrýndu farþegar skort á upplýsingum og matarleysi um borð í vélinni þegar loks var lagt af stað frá París.



MATTHÍAS IMSLAND

Óli Þór og eiginkona hans áttu í gær fund með Matthíasi Imsland, forstjóra Iceland Express. Óli Þór segist hafa lýst atburðarásinni fyrir Matthíasi sem fyrir sitt leyti hafi skýrt hvernig málið horfði við fyrirtækinu og hvað olli því hversu hörmulega til tókst.

„Ég sagði þeim að þetta hefði verið ömurlegt og erfitt og þeir fóru yfir ferlið frá sínum bæjardyrum,“ útskýrir Óli Þór sem kveðst hafa lesið þannig í fulltrúa Iceland Express á fundinum að félagið hafi í raun ekki ráðið við það sem úrskeiðis fór. Starfsmennirnir hafi verið virkilega leiðir yfir málinu.

„Við fáum 400 evra skaðabætur í peningum, eina flugferð að eigin vali og kannski út að borða,“ segir Óli Þór um niðurstöðu fundarins. „Við höfum tvö ár til að ákveða okkur,“ svarar hann spurður hvort hann sé fús til þess eftir martröðina í París að nýta sér boðið um nýtt ferðalag með Iceland Express.

Hvorki náðist í Matthías Imsland né Kristínu Þorsteinsdóttur, upplýsingafulltrúa Iceland Express, í gær. **- gar**



**HRINGRÁS** Lögregla rannsakar eldsupptök á athafnasvæði Hringrásar við Klettagarða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óvíst hvenær rannsókn lýkur:

## Vinnsla á dekkjum liggur niðri

**BRUNI** Ekki verður hægt að endurvinna dekk á athafnasvæði Hringrásar fyrr en eftir tvær til þrjár vikur þar sem tætari sem notaður er til verksins eyðilagðist í brunanum.

Nýr tætari hefur verið pantaður og kemur til landsins eftir tvær til þrjár vikur segir Sigurður Arnljótsson, fjármálastjóri Hringrásar. Tækið kostar tugi milljóna, en tryggingar bæta tjónið segir Sigurður.

Starfsemi Hringrásar hefur að öðru leyti lítið raskast vegna brunans aðfaranótt 12. júlí. Lögregla rannsakar enn eldsupptök, en samkvæmt frétt RÚV í gær benda engar upplýsingar til þess að kveikt hafi verið í. **- bj**

### LEIÐRÉTTING

Í fyrirsögn á frétt á bls. 4 í gær stóð að Baugur hf. hefði átt hlut í félaginu Pace. Fyrirsögnin var röng og átti sér ekki stoð í texta fréttarinnar. Baugur átti ekki hlut í Pace. Beðist er afsökunar á mistökunum.

# Sinnuleysi vegna neyðar í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu

**Verstu þurrkar í sextíu ár hrjá nokkur Afríkulönd og níu milljón manns eru á barmi hungursneyðar. Þeirra bíður aðeins dauðinn ef hjálparstofnanir geta ekki aðstoðað þá. Neyðarsöfnun gengur hægt.**

**HJÁLPARSTARF** „Söfnunin hefur gengið mjög hægt, enda hefur hún ekki fengið mikla kynningu í fjölmiðlum,“ segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna Barnaheill, sem nú reynir að útvega fé til aðstoðar fólki í Sómalíu, Kenía og Eþíópíu.

Talið er að hungursneyð vofi nú yfir níu milljónum manna í þessum þremur löndum. Allt að helmingur þeirra er börn og mörg þessara barna eru nú þegar vannærð. Í Sómalíu er ástandið verst, en þar er nú talið að þriðji hver íbúi sé við þröskuld hungursneyðar.

„Í samfélagi eins og Sómalíu, þar sem innviðir eru engir vegna áratuga átaka, reynir fólk bara að þrauka og má ekki við neinum áföllum. Þetta hefur verið erfitt þarna í áratugi. Fólk treystir á rigningarnar og að búfénaðurinn fái að éta, en þegar þurrkar verða þá fellur búfénaðurinn fyrst og síðan fólkið. Ef engin aðstoð berst þá blasir ekkert annað en dauðinn við fólki.“



PETRÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR

Hér á landi eru þrenn hjálparsamtök að safna fé til aðstoðar fólki á þurrkasvæðunum í Afríku. Auk Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna eru það UNICEF á Íslandi og Rauði krossinn.

Petrína segir erfitt að vekja athygli almennings á neyðinni, mun erfiðara en til dæmis þegar náttúruhamfarir urðu í Japan og Haítí nýverið, eða þegar flóðbylgjan mikla reið yfir í Suðaustur-Asíu fyrir nokkrum árum.

„Harmleikurinn er samt ekkert minni. Þarna eru níu milljón manns sem eiga yfir höfði sér að deyja úr hungri ef ekki verður brugðist við. Þetta er eitt versta neyðarástand sem fólk á þessu svæði hefur séð.“

Hún segir starfsfólk hjálparstofnana lengi hafa velt fyrir sér hvað ráði bæði fréttamati fjölmiðla og viðbrögðum almennings.

Hún segir að skyndilegar hamfarir virðist vekja meiri athygli en neyð sem kemur hægt og rólega, eins og þurrkar og hungursneyð.

„Reynslan sýnir að þar sem náttúruhamfarir valda skyndilegri neyð er miklu auðveldara að fá almenning í lið með sér. Kannski hefur þetta líka eitthvað með það að gera að bæði Japan og Haítí standi okkur nær en löndin í Afríku,“ segir Petrína og minnir líka á íslensku rústabjörgunarsveitina sem var send til Haítí, „sem var náttúrulega ánægjulegt og fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum hér á landi“. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Í BIÐRÖÐ EFTIR AÐSTOÐ** Konur frá Sómalíu með ungbörn bíða aðstoðar í flóttamannabúðum í Mógadisjú í Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Neyðarsafnanir

Þeim sem vilja leggja hjálparstarfi Barnaheilla í Sómalíu og víðar í Austur-Afríku lið er bent á söfnunarsíma samtakanna: 904-1900 (1.900 króna framlag) og 904-2900 (2.900 króna framlag). Einnig er hægt að leggja frjáls framlög á reikning samtakanna: 0327-26–001989, kt. 521089-1059.

UNICEF á Íslandi tekur við framlögum í neyðarsöfnun vegna þurrkanna í Keníu, Eþíópíu og Sómalíu inn á reikning 515-26-102040 (kt. 481203-2950). Einnig er hægt að hringja í síma 908-1000 (1.000 krónur), 908-3000 (3.000 krónur) eða 908-5000 (5.000 krónur).

Rauði kross Íslands hefur einnig opnað söfnunarsímann 904-1500, sem er opinn þeim sem vilja styðja hjálparstarf Rauða krossins í austanverðri Afríku. Þeir sem hringja í símann gefa þar með 1.500 krónur, sem eru dregnar af næsta símreikningi.


## HÓPKAUP.IS Í DAG

**800 g plokkfiskur og 800 g hlýri = 1.600 g**

**1.390 kr.** GILDIR 24 TÍMA

Verð ~~3.024~~ kr. | Afsláttur 54% | Afsláttur í kr. 1.634 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Keisarinn er líflegur og skemmtileg blanda af fiskbúð og veitingastað fyrir fólk á ferðinni. Keisarinn er í Grandagarði 11. Opnunartími er frá 10 - 10 alla daga.

HÓPKAUP
í krafti fjöldans
hópkaup.is

PIPAR\TBWA SÍA


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Bjart sunnan til á landinu í dag en fer að rigna í kvöld og nótt. Stöku síðdegisskúrir vestan til en nokkuð bjart þar á morgun. Þokubakkar við norður- og austurströndina en snýr í vestanátt á fimmtudag og þá hlýnar á norðausturhluta landsins.



**Á MORGUN** Hæg N-læg eða breytileg átt, hvassara V-til.

**FIMMTUDAGUR** Hæg V-læg eða breytileg átt, hvassara SV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 21° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 32° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 19° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

HYUNDAI

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS

# ix35




5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN

ENNEMM / SÍA / NM47115

## ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ix35 frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ix35 og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Verð **5.590.000 kr.** (sjálfskiptur)

Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**



## SANTA FE

Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og endurbættri útgáfu.

**Verð 6.890.000 kr. (dísil, sjálfskiptur)**

Eyðsla í langkeyrslu 6,2 l/100 km



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## KJÖRKASSINN



*Hefurðu ferðast innanlands í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58,1% |
| NEI | 41,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að sekta eigi fólk fyrir að ganga illa um í höfuðborginni?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Fá ekki aðgang að gögnum tuttugu þúsund skjólstæðinga SÁÁ frá árinu 1980:

# Telja öryggisbrest í áfengisrannsókn

**HEILBRIGÐISMÁL** Persónuvernd segist að svo stöddu ekki geta samþykkt umsókn um aðgang að gögnum um yfir tuttugu þúsund einstaklinga sem fengið hafa áfengismeðferð SÁÁ á Vogi frá árinu 1980.

Um er að ræða verkefni tveggja háskólanema í umsjón starfsmanns á rannsóknarstöð í heilbrigðisfræði. „Í umræddum sjúkraskrám Vogs eru viðkvæmar persónuupplýsingar um alla sem leituðu þangað á árabilinu 1980 til og með 2009, rúmlega 20 þúsund manns. Af hálfu umsækjenda hefur komið fram að hvorki sé fyrirhugað að leita eftir samþykki þeirra sem eru á lífi né fræða þá um vinnsluna,“ segir í umfjöllun Persónuverndar.

Tilgangur rannsóknarinnar er sagður tvíþættur: annars vegar að lýsa fjölda og auðkennum þeirra sem voru á Vogi með tilliti til aldurs, kyns, komuástæðu og sjúkdómsgreiningar og hins vegar að bera saman dánartíðni þessa hóps við dánartíðni almennt í þjóðfélaginu.

Sjúkrahúsið á Vogi gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við rannsóknina. Það sama gildir um Hagstofu Íslands og vísindasiðanefnd. Persónuvernd segir hins vegar að öryggislýsingu í umsókninni sé áfátt. Meta þurfi hvort unnt sé að svara rannsóknarspurningunni án þess að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum til óviðkomandi aðila. „Þegar það mat liggur fyrir verður tekin ákvörðun um hvort skilyrði séu til að veita leyfi,“ segir Persónuvernd. - gar




**VOGUR** Óskað er eftir upplýsingum um tuttugu þúsund skjólstæðinga í áfengismeðferð SÁÁ vegna nemendaverkefnis.

Lögreglan á Ísafirði:

# Dularfullur byssufundur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Ísafirði hefur nú í vörslu merktan riffil og skot sem voru meðal farangurs og varnings sem fluttur var frá Ísafirði til Hornvíkur. Þar vitjaði enginn vopnabúnaðarins svo Jón Björnsson, landvörður á Hornströndum, hafði samband við lögregluna sem bað hann að senda riffilinn og skotin aftur til Ísafjarðar.

Lögreglan segir að málið sé í rannsókn og að eigandinn sé ekki fundinn. Á Bæjarins besta er haft eftir Jóni að byssufundurinn hafi vakið upp getgátur og hugleiðingar um vopnaða hópa í friðlandinu og afleiðingar þess. - jse

Blönduðust frummönnum:

# Genin blönduðust utan Afríku

**VÍSINDI** Nútímamenn blönduðust að einhverju leyti Neanderdalsmönnum í Evrópu samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar á genamengi nútímamannsins.

Í genamengi fólks sem upprunnið er utan Afríku má finna leifar af erfðaefni Neanderdalsmanna. Slíkar leifar finnast ekki í erfðaefni þeirra sem upprunnir eru í Afríku.

Neanderdalsmenn voru frummenn sem komu til Evrópu frá Afríku fyrir 400 til 800 þúsund árum og dóu út fyrir um 30 þúsund árum. Nútímamaðurinn kom til Evrópu frá Afríku fyrir 50 til 80 þúsund árum. - bj

## UTANRÍKISMÁL

**Afhenti trúnaðarbréf**

Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra í París, afhenti í gær Giorgio Napolitano, forseta Ítalíu, trúnaðarbréf sem sendiherra Íslands gagnvart Ítalíu. Þau ræddu á fundi sínum um umsókn Íslands að Evrópusambandinu og um áhuga á auknu samstarfi ríkjanna.

# Engin prestsstaða auglýst í rúmt ár

**20 til 30 guðfræðingar með embættispróf vilja verða prestar en fá ekki brauð hér á landi. Sjö prestsstöður hafa verið lagðar niður undanfarin tvö ár. Prestaskortur er í Norður-Noregi og íslenskir prestar hafa verið ráðnir til sókna þar.**

**TRÚMÁL** Tuttugu til þrjátíu guðfræðingar með embættispróf hafa áhuga á að gerast prestar en sjá ekki fram á að fá embætti. Þetta segir Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður Prestafélags Íslands.



**GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR**



**STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNSDÓTTIR**

„Það eru engar nýráðningar vegna þess að störfunum er ekki fjölgað og fáir þora að færa sig til. Eins og staðan er nú sér maður fram á að það losni kannski fimm embætti eftir fimm ár.“

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri á þjónustusviði á Biskupsstofu, segir enga stöðu hafa verið auglýsta hjá Þjóðkirkjunni síðan í febrúar 2010. Á sama tíma hefur verið niðurskurður hjá kirkjunni. „Í kjölfar hrunsins hafa sjö prestsstöður verið lagðar niður á undanförnum tveimur árum, þar af þrjár erlendis.“

Að sögn Steinunnar Arnþrúðar voru tveir guðfræðingar vígðir til prestsþjónustu í Þjóðkirkjunni árið 2009 og einn árið 2010. Fjórir hafa verið vígðir það sem af er þessu ári, þar af voru þrír vígðir til embættis í Noregi. „Mér er kunnugt um að sex prestar séu núna ráðnir í störf í Noregi. Að auki starfar einn hjá biskupakirkjunni á Írlandi og einn er á förum til starfa í kirkju í Strassborg í Frakklandi,“ greinir hún frá.



**Í DÓMKIRKJUNNI** Á prestastefnu í maí síðastliðnum var kastljósinu beint að umhverfi kirkjunnar, stöðu hennar og þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ /VALLI

Starfsmannastjóri Niðarósbiskupsdæmis kynnti í Íslandsferð sinni síðastliðið haust starfsaðstæður í Noregi en þar er skortur á prestum.

Guðbjörg segir presta á Íslandi sjá fram á enn frekari fækkun embætta. „Við teljum því miður að þetta sé bara að byrja. Hallinn er það mikill. Úrsagnir úr Þjóðkirkjunni hafa líka áhrif. Það er hins vegar ánægjulegt að finna að íslenskir prestar skuli vera eftirsóttir starfskraftar í Noregi þótt ég eigi ekki von á einhverri bylgju presta héðan. En það má kannski segja að 10 manns séu bylgja í stétt sem telur um 160 manns.“

Erfitt fór að verða fyrir guðfræðinga með embættispróf að fá brauð á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar, að því er Guðbjörg greinir frá. „Það var byrjað að þrengjast þegar ég útskrifaðist 1996. Fyrir 25 árum var fólk hins vegar iðulega búið að fá starf áður en það útskrifaðist.“

Guðbjörg bendir á að Norðmenn bjóði gríðarlega góð starfskjör auk þess sem umsóknarferlið sé miklu einfaldara en hér á landi. „Það er þess vegna ekki undarlegt að Noregur heilli.“ ibs@frettabladid.is



**LEIFSSTÖÐ** Lítið tjón varð af völdum eldsins og engar tafir urðu á flugi.

Eldur laus í ofni í Leifsstöð:

# Hluti flugstöðvarinnar rýmdur

**BRUNI Rýma þurfti hluta Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á öðrum tímanum í gær eftir að eldur kom upp í rafmagnsofni fyrir ofan veitingastaðinn Nord á annarri hæð flugstöðvarinnar.**

**Um 40 farþegar og 60 starfsmenn voru í byggingunni þegar brunaviðvörunarkerfið fór í gang, segir Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia, sem sér um rekstur flugstöðvarinnar.**

**Vel gekk að slökkva eldinn og var starfsfólki og farþegum hleypt aftur inn eftir að rýmið hafði verið reykræst. Lítið tjón varð af völdum eldsins, og engar tafir urðu á flugi.** - bj

Ökuníðingur á Suðurnesjum:

# Mældur á ofsahraða á bifhjóli

**LÖGREGLA** Bifhjólamaður var mældur á 237 kílómetra hraða á Garðsvegi á Suðurnesjum í gærmorgun.

Fyrst mældist hann á heldur minni hraða en þegar hann varð lögreglubílsins var jók hann hraðann og var kominn upp í 237 kílómetra þegar þeir mættust og var þá enn að auka hraðann. Hann fannst ekki þrátt fyrir eftirgrennslan. Í gær hugðist lögreglan skoða upptökur úr nýrri hraðamyndavél á Garðsveginum til þess að athuga hvort hún gæti borið kennsl á ökufantinn.


**Gjafakortið sem gildir alls staðar**

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.




- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


Stjórnlagaráð leggur til ýmsar breytingar í drögum að nýrri stjórnarskrá:

# Munu skila fyrir lok mánaðar

**STJÓRNLAGARÁÐ** Tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá eru nær fullmótaðar og stefnir ráðið á að skila Alþingi tillögu sinni fyrir lok júlí. Fjölmargar breytingar á núgildandi stjórnarskrá eru lagðar til í drögunum.

Drögin geta enn tekið breytingum þar til þeim verður skilað, segir Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs.

„Það eru komnar fram talsvert margar breytingartillögur sem við munum ræða, og væntanlega verða greidd atkvæði um flestar tillögurnar,“ segir Salvör.

Stjórnlagaráð á að gera tillögu um meðferð málsins hjá Alþingi, en Salvör segir því ólokið. Þær tillögur verði kynntar þegar verki stjórnlagaráðs ljúki 29. júlí.

Í drögunum er meðal annars gert ráð fyrir því að ráðherrar víki af þingi og varamenn komi í þeirra stað. Þá er gert ráð fyrir að hver einstaklingur geti bara gegnt hverju ráðherraembætti í átta ár.

Stjórnlagaráð vill einnig að forseti Íslands sitji í mesta lagi í þrjú fjögurra ára kjörtímabil og að forseti Alþingis verði hans eini staðgengill. Þá vill ráðið ný ákvæði um náttúru- og auðlindamál.



**TILLÖGUR** Stjórnlagaráðsmenn munu ræða breytingartillögur við drög að nýrri stjórnarskrá á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í drögunum eru 111 greinar, en í núgildandi stjórnarskrá eru þær 80 talsins. Stjórnlagaráð á eftir að taka tvær umræður um drögin áður en þeim verður skilað. - bj

# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða tæknifyrirtæki berjast um yfirráð í netheimum?*

2 *Hvaða kvennalandslið varð heimsmeistari í fótbolta?*

3 *Hvaða rithöfundur opnar kaffihús á Snæfellsnesi?*

**SVÖR:**

**1.** *Facebook og google.* **2.** *Japanska liðið.* **3.** *Ólafur Haukur Símonarson.*

Saksóknari hefur á ný rannsókn á stríðsglæpum dæmds fangavarðar nasista:

# Sakaður um 4.400 morð til viðbótar

**ÞÝSKALAND, AP** Saksóknari í Þýskalandi rannsakar nú hvort dæmdur fangavörður nasista í síðari heimsstyrjöldinni hafi átt þátt í dauða 4.400 manna í Flossenbuerg-fangabúðunum í Þýskalandi.

John Demjanjuk var í maí sakfelldur fyrir hlutdeild í morðum á 28.060 mönnum í Sobibor, útrýmingarbúðum nasista í Póllandi. Demjanjuk, sem er 91 árs gamall, var fangavörður í Sobibor og Flossenbuerg. Hann hefur áfrýjað fimm ára fangelsisdómi og gengur laus þar til dómur fellur á æðra dómsstigi.

Dómurinn yfir Demjanjuk markaði tímamót því þar var fangavörður sakfelldur fyrir óhæfuverk sem áttu sér stað í útrýmingarbúðum án þess að sannað þætti að hann hefði sjálfur beinlínis myrt fólk. Fangabúðirnar í Flossenbuerg voru ekki útrýmingarbúðir, en þar létust engu að síður þúsundir manna.

Demjanjuk fæddist í Úkraínu og þjónaði í sovéska hernum. Eftir að hann var handsamaður af þýska hernum árið 1942 gekk hann til liðs við nasista og gerðist fangavörður. **- bj**



**LAUS** John Demjanjuk er 91 árs og býr á hjúkrunarheimili í Þýskalandi á meðan hann bíður þess að áfrýjunardómstóll taki mál hans fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólykt í nærliggjandi götum:

# Rækjuskólp flæðir á Ísafirði

**HEILBRIGÐISMÁL** Frárennslisvatn frá rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði flæddi upp um holræsi í gær. Megn lykt var af vatninu.

Lögnum var breytt í vor og síðan þá hefur þrisvar sinnum flætt upp úr holræsum samkvæmt vefnum bb.is. Síðast þegar flæddi með þessum hætti fór frárennslisvatn í kjallara í nærliggjandi húsum. Bæjarverkstjóri telur að mynda þurfi lögnina sem sé líklega alltaf að stíflast, en það verður ekki gert strax vegna sumarleyfa og kostnaðar. **- þeb**

Mótmæli brutust út í Túnis:

# 14 ára drengur skotinn til bana

**TÚNIS, AP** Fjórtán ára drengur var skotinn til bana í hörðum mótmælum í Túnis í gær. Stjórnvöld segja að hann hafi orðið fyrir slysaskoti.

Mótmælendur hentu grjóti og bensínsprengjum að öryggislögreglu í bænum Sisi Bouzid, þar sem uppreisn gegn stjórnvöldum hófst fyrr á árinu. Lögregla svaraði með því að skjóta út í loftið, en talið er að drengurinn hafi orðið fyrir skoti frá lögreglunni.

Óttast er að atburðir gærdagsins geti haft áhrif á kosningar sem fram eiga að fara í landinu þann 23. október. Þar er ætlunin að kjósa ráð til að endurskoða stjórnarskrá landsins. **- bj**

**AKRANES**

### Níu ný hjúkrunarrými

Stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða á Akranesi hefur ákveðið að taka 152 milljóna króna tilboði lægstbjóðand í byggingu níu nýrra hjúkrunarrýma. Alls bárust sex tilboð. Kostnaðaráætlun var 204 milljónir.


**Til sölu**



**BMW 3línan með rafmagnsþaki.**
Árgerð 2007, ek 43.000, leður, 18", fluttur inn af umboði, 2 eigendur, topp viðhald.

Sjá nánar inn á Bílaland.is.
**Verð 5.9 mill.** skipti möguleg.
Uppl. í síma 822 8083




# Fjölmiðlaveldi í uppnámi

**Rannsóknir á símhlerunum og mútugreiðslum frá News of the World til lögreglunnar grafa undan fleiru en fjölmiðlaveldi Murdochs. Tveir af æðstu yfirmönnum lögreglunnar hafa sagt af sér vegna málsins. Vaxandi þrýstingur er einnig á David Cameron forsætisráðherra. Bresk þingnefnd fer yfir málið í dag.**

**BRETLAND, AP** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, kallaði þjóðþing landsins saman á neyðarfund í gær til að ræða hleranamálið, sem hefur ekki aðeins grafið undan trausti fólks á fjölmiðlaveldi Ruperts Murdoch, sem kannski var þó eitthvað takmarkað fyrir, heldur einnig til bresku lögreglunnar og forsætisráðherrans sjálfs.

Tíu manns hafa verið handteknir vegna málsins síðan í byrjun apríl, bæði vegna rannsóknar á símahlerunum blaðamanna fjölmiðlasamsteypunnar og vegna rannsóknar á því hvort breskir lögreglumenn hafi þegið fé frá fjölmiðlum Murdochs í skiptum fyrir upplýsingar.



**REBEKAH BROOKS**

Tveir æðstu yfirmenn bresku lögreglunnar, þeir Paul Stephenson lögreglustjóri og John Yates, yfirmaður hryðjuverkadeildar lögreglunnar, hafa sagt af sér í tengslum við málið. Þeir báðir hafa verið ásakaðir, ásamt tveimur öðrum yfirmönnum lögreglunnar, um brot í tengslum við hleranir blaðamanna News of the World.

Stephenson er meðal annars gagnrýndur fyrir að hafa ráðið Neil Wallis, fyrrverandi ritstjóra News of the World, til ráðgjafarstarfa hjá lögreglunni og Yates fyrir að hafa útvegað dóttur Wallis starf.

Hlutabréf í News Corp, fjölmiðlasamsteypu Ruperts Murdoch hafa fallið töluvert í verði vegna málsins og ítök hans í stjórnmálaheiminum í Bretlandi hafa dvínað mjög, að minnsta kosti tímabundið.

Rebekah Brooks, sem lengi hefur verið hægri hönd Murdochs, var handtekin á sunnudag en látin laus þá um kvöldið gegn tryggingu. Hún sagði af sér fyrir helgi sem framkvæmdastjóri News International, undirfyrirtækis News Corp, sem gefur meðal annars út blaðið News of the World.

Hún á að mæta í dag ásamt feðgunum James og Rupert Murdoch fyrir breska þingnefnd þar sem til stendur að fara ofan í saumana á málinu, sem hefur haft víðtæk áhrif á bresk stjórnmál ekki síður en fjölmiðlaheiminn.

Meðal annars sætir David Cameron vaxandi þrýstingi fyrir að hafa ráðið annan fyrrverandi ritstjóra sama blaðs, Andy Coulson, til að vera upplýsingafulltrúi hans.

Ed Miliband, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, segir Cameron þurfa að svara erfiðum spurningum um tengsl sín við Murdoch, Brooks og Coulson.

„Sem stendur virðist hann ófær um að veita þá stjórnarforystu sem landið þarfnast," segir Miliband, sem er leiðtogi Verkamannaflokksins. **gudsteinn@frettabladid.is**

### Fyrirtæki Ruperts Murdoch




HEIMILD: ÁRSSKÝRSLA NEWS CORP LJÓSMYND: GETTY IMAGES ©GRAPHIC NEWS

### Handtökur í Bretlandi tengdar Murdoch

Fimm manns hafa verið handteknir í tengslum við rannsókn á meintum símhlerunum:
**5. apríl, 2011:** Ian Edmondson, fyrrverandi aðstoðarfréttaritstjóri News of the World
**5. apríl:** Neville Thurlbeck, blaðamaður á News of the World
**14. apríl:** James Weatherup, aðstoðarfréttaritstjóri News of the World
**23. júní:** Terenia Taras, blaðamaður í lausamennsku
**28. júní:** Laura Elston, konunglegur fréttaritari fréttastofunnar BPA

Fimm manns að auki hafa verið handteknir í tengslum bæði við rannsókn á meintum símhlerunum og í tengslum við rannsókn á ólöglegum greiðslum til lögreglumanna í skiptum fyrir upplýsingar:
**8. Júlí:** Clive Goodman, fyrrverandi ritstjóri konungsfjölskyldufrétta hjá News of the World, áður handtekinn í janúar 2007
**8. júlí:** Andy Coulson, fyrrverandi ritstjóri News of the World og fyrrverandi fjölmiðlafulltrúi hjá James Cameron forsætisráðherra
**8. júlí:** 63 ára maður, ónefndur
**14. júlí:** Neil Wallis, fyrrverandi aðalritstjóri News of the World
**17. júlí:** Rebekah Brooks, framkvæmdastjóri News International og fyrrverandi ritstjóri News of the World





Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is


Dýraverndunarsamband Íslands er mótfallið hugmyndum um flutning hreindýra:

# Vilja ekki hreindýrin vestur

**DÝRALÍF** Dýraverndunarsamband Íslands leggst eindregið gegn áformum áhugahóps Vestfirðinga um að flytja hreindýr til Vestfjarða. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að hópurinn væri að kanna möguleika á að flytja tuttugu til fimmtíu hreindýr vestur en yfirdýralæknir er einnig mótfallinn þeim áformum, sérstaklega vegna hugsanlegrar hættu á að þau beri smit í sauðfé.

Í tilkynningu sem Dýraverndarsambandið sendir frá sér í kjölfar þessarar umfjöllunar segir: „Þar er ekki hentugt haglendi fyrir slík dýr sem ætlað er að lifa á algerum útigangi og hvergi er þar að finna kjörlendi sambærilegt því sem hreindýr á Austurlandi njóta. Einnig er bent á að veðurfar þar vestra hentar hreindýrum ekki og ljóst er að velferðar dýranna yrði ekki gætt við þær aðstæður sem þar ríkja."

Magnús Ólafs Hansson, sem fer fyrir hópi Vestfirðinganna, segir að málið sé á rannsóknarstigi og ef í ljós komi að betur sé heima setið en af stað farið með þetta verkefni muni hópurinn láta af þessum hugmyndum.

Hann segir enn fremur að hópurinn hafi fengið álit hjá sænska yfirdýralæknisembættinu og þar segir að hreindýr geti ekki smitað sauðfé af riðu eða garnaveiki. **- jse**



**HREINDÝR FYRIR AUSTAN** Dýraverndunarsamband Íslands telur Vestfirði ekki vel tilfallna fyrir hreindýr og leggst eindregið gegn hugmyndum um að flytja þau þangað. MYND/VILHELM

**FRÉTTASKÝRING:** HVAR ERU ÖLL FJÁRFESTINGAVERKEFNIN STÖDD?

# Lítið orðið af stórframkvæmdum

**Lítið hefur enn orðið af þeim stórframkvæmdum sem boðaðar voru í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins árið 2009. Framkvæmdir við nokkur verkefni gætu þó hafist á næstunni.**

Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa margoft lýst því yfir að nauðsynlegt sé að auka fjárfestingu hér á landi með það fyrir augum að auka hagvöxt. Síðast í tengslum við gerð kjarasamninga í vor.

Fjárfesting var einungis 13 prósent af landsframleiðslu hér á landi á síðasta ári en þetta hlutfall hefur aldrei verið lægra. Þá var fjárfesting 14,1 prósent árið 2009. Ríkisstjórnin hefur sett fram markmið um að auka þetta hlutfall í 18 til 20 prósent. Það myndi þýða að fjárfesting ykist úr 200 milljörðum króna í 275 til 350 milljarða á ári.

Skrifað var undir stöðugleikasáttmálann svokallaða þann 25. júní árið 2009 en Samtök atvinnulífins sögðu sig síðar frá honum. Í sáttmálanum var vísað í minnisblað vegna verklegra framkvæmda. Þar má finna lista yfir framkvæmdir sem vonir voru bundnar við að gætu brátt hafist hér á landi. Var framkvæmdunum skipt í þrjá flokka; framkvæmdir sem þegar lágu fyrir, orkutengd verkefni á teikniborðinu og mögulegar einkaframkvæmdir.

Af ellefu sértækum orkutengdum verkefnum sem sögð voru á teikniborðinu árið 2009 hefur einungis eitt orðið að veruleika; gagnaverið Thor Data Center sem hóf rekstur í fyrra. Hætt hefur verið við sum verkefni en framhald annarra er í mikilli óvissu. Einu framkvæmdirnar sem komnar eru á útboðsstig eru jarðvarmavirkjanir Landsvirkjunar við Bjarnarflag og á Þeistareykjum.

Af sex sérstaklega tilgreindum framkvæmdum sem þóttu þegar liggja fyrir er einni svo gott sem lokið; tónlistarhúsinu Hörpu. Tvær eru í fullum gangi; stækkun álversins í Straumsvík og Búðarhálsvirkjun. Þá eru framkvæmdir við álver í Helguvík hafnar en framhald þeirra óvíst auk þess sem lítið er að frétta af orkuveri vegna álversins. Loks er lítið að frétta af fyrirhuguðu gagnaveri Verne Holding á Suðurnesjum en verkefnið er þó enn á lífi.

### Lítið orðið af orkutengdum framkvæmdum

Ellefu sértækar orkutengdar framkvæmdir voru sagðar á teikniborðinu í minnisblaðinu sem fylgdi stöðugleikasáttmálanum. Eins og áður sagði er eitt verkefni orðið að veruleika og tvö á útboðsstigi. Ekkert hinna hefur beinlínis verið blásið af þótt margir telji ólíklegt að álver rísi á Bakka úr þessu. Það verkefnanna sem komið er lengst er Kísilver í Helguvík en óvissa um fjármögnun þess hefur komið í veg fyrir að framkvæmdir gætu hafist eins og stefnt var að í sumar.

Lengi leit út fyrir að stórt Kísilver yrði reist í Ölfusi en það verkefni er nú í dvala þar sem ekki hefur tekist að tryggja verinu aðgengi að orku. Hugmyndir um koltrefjaverksmiðju á Norðurlandi vestra hafa ekki komist af hugmyndastigi auk þess sem lítið er að frétta af framleiðsluaukningu sem fyrirhuguð var á Grundartanga.

Þá er enn vilji fyrir því hjá fyrirtækinu Greenstone að reisa gagnaver við Blönduós. Fjárfestarnir að baki verkefninu eru þó áhyggjufullir um horfur í efnahagsmálum beggja vegna Atlantshafsins og því smeykir við að leggja í nýfjárfestingar, segir Sveinn Óskar Sigurðsson, talsmaður Greenstone. Þá segir Sveinn stjórnvöld hafa staðið sig vel í því að aflétta hömlum sem hefðu getað staðið í vegi fyrir verkefninu.

Ekki eru þó öll verkefnin í biðstöðu. Hugmyndir um pappírsverksmiðju á Hellisheiði eru enn í fullum undirbúningi og að sögn Þórðar Kárasonar, framkvæmdastjóra Papco, vonast menn þar á bæ eftir því að geta tilkynnt um upphaf framkvæmda í haust.

Þá bárust fréttir af því fyrr á árinu að þýska fyrirtækið PCC hefði sýnt því áhuga að reisa kísilver á Bakka. Verkefnið er enn á viðræðustigi.

### Ekkert orðið af einkaframkvæmdum

Í stöðugleikasáttmálanum var kveðið á um að stjórnvöld skyldu ganga til viðræðna við lífeyrissjóðina og fleiri aðila um fjármögnun stórra framkvæmda. Var þar til að mynda horft til hátæknisjúkrahúss, tvöföldunar Suðurlands- og Vesturlandsvegar, Vaðlaheiðarganga og Sundabrautar. Skemmst er frá því að segja að ekkert hefur orðið af þátttöku lífeyrissjóðanna eða annarra aðila í fjármögnum þessara framkvæmda.

Af þeim verkefnum sem talin voru upp í minnisblaðinu sem fylgdi stöðugleikasáttmálanum eru einungis hafnar framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegar. En þó ekki nema við fyrsta áfangann. Þá eru Vaðlaheiðargöng í útboðsferli og nýtt Hátæknisjúkrahús í skipulagsferli.

Loks er áætluð fimm milljarða króna fjárfesting í nýjum hjúkrunarheimilum sem ekki var kveðið á um í minnisblaðinu með stöðugleikasáttmálanum. Minnst er á hjúkrunarheimilin auk nýs fangelsis og framhaldsskóla í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga frá því í vor. Fyrirhugað er að fangelsið og framhaldsskólinn fari í útboð á næstunni.

Þá er stefnt að frekari framkvæmdum við skóla- og fræðabyggingar, til að mynda við byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is




**ÁLVER Í HELGUVÍK** Framkvæmdir við álver í Helguvík voru í hópi þeirra verkefna sem talið var að væru komin einna lengst þegar skrifað var undir stöðugleikasáttmálann. Síðan hefur gengið hægt að koma framkvæmdum almennilega af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga

- Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförnum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma. kr. á ári. Þessum ásetningi verður gerð nánari skil í hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun, sem tekur mið að þeim áætlunum sem getið er í fyrsta kafla þessarar yfirlýsingar og munu liggja fyrir eigi síðar en í maí.
- Stjórnvöld munu auka opinberar fjárfestingar. Svigrúm til þeirra takmarkast þó annars vegar af markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum, auk þess sem rétt er að takmarka umfang skuldbindinga sem ríkissjóður ber kostnað af en fjármagnaðar eru af öðrum.

## Staða framkvæmda sem minnst var í stöðugleikasáttmála

| FRAMKVÆMD | STAÐA |
|---|---|
| **FRAMKVÆMDIR SEM ÞÓTTU LIGGJA FYRIR ÁRIÐ 2009** | |
| Álver í Helguvík | Framkvæmdir hafnar en framhaldið óvíst |
| Stækkun álvers í Straumsvík | Framkvæmdir í fullum gangi |
| Búðarhálsvirkjun | Framkvæmdir í fullum gangi |
| Gagnaver Verne Holding | Framkvæmdir í biðstöðu |
| Tónlistarhúsið Harpa | Framkvæmdum svo gott sem lokið |
| Orkuver vegna álvers í Helguvík | Ekki farið af stað |
| **ORKUTENGDAR FRAMKVÆMDIR Á TEIKNIBORÐINU ÁRIÐ 2009** | |
| Álver á Bakka | Óvíst hvort af verður |
| Þrjú ólík orkuver | Tvær jarðvarmavirkjanir eru í útboðsferli hjá Landsvirkjun |
| Gagnaver við Blönduós | Ótti fyrirtækisins Greenstone við horfur í efnahagsmálum heimsins stendur í vegi fyrir framkvæmdum |
| Gagnaverið Thor Data Center | Framkvæmdum lokið og rekstur hófst árið 2010 |
| Kísilver í Ölfusi | Verkefnið í dvala þar sem ekki hefur tekist að tryggja orku fyrir starfsemina |
| Kísilver í Helguvík | Óvissa um fjármögnun stendur í vegi fyrir því að framkvæmdir hefjist |
| Framleiðsluaukning á Grundartanga | Ekki farið af stað |
| Koltrefjaverksmiðja á Norðausturlandi | Enn á viðræðustigi |
| Pappírsverksmiðja | Í undirbúningi, framkvæmdir gætu hafist 2012 |
| **MÖGULEGAR EINKAFRAMKVÆMDIR** | |
| Hátæknisjúkrahús | Opinber framkvæmd - í skipulagsferli |
| Vaðlaheiðargöng | Opinber framkvæmd - í útboðsferli |
| Tvöföldun Suðurlandsbrautar | Opinber framkvæmd - hafin að hluta |
| Sundabraut | Ekki farið af stað |
| Tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi | Ekki farið af stað |
| Samgöngumiðstöð í Reykjavík | Verkefni blásið af en stefnt að annars konar og umfangsminni framkvæmdum við Reykjavíkur flugvöll |
| **AÐRAR FRAMKVÆMDIR** | |
| Kísilver á Bakka | Á viðræðustigi |
| Fangelsi á Hólmsheiði | Í undirbúningi |
| Nýr framhaldsskóli | Í undirbúningi |
| Bygging hjúkrunarheimila | Í undirbúningi |

## Úr stöðugleikasáttmálanum

- Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.
- Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.
- Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009.


**Yfirréttur Írlands**

**VARÐANDI IRISH NATIONWIDE BUILDING SOCIETY („INBS“) og VARÐANDI (STÖÐUGLEIKA) LÖG UM LÁNASTOFNANIR, 2010 framkvæmdi Yfirréttur Írlands hinn 1sta dag júlímánaðar 2011 yfirfærslutilskipun samkvæmt 34. kafla laganna með eftirfarandi skilmálum:**

Yfirfærir eignir og skuldbindingar INBS eins og kemur fram í tilgreindri tilskipun tafarlaust til Anglo-Irish Bank Corporation Limited, lánastofnunar með starfsleyfi í Írlandi. Rétturinn tilkynnti *inter alia* að yfirfærslutilskipunin og sérhver hluti hennar sé ráðstafanir til endurskipulagningar til að uppfylla tilskipun nr. 2001/24/EC frá Evrópuþinginu og Evrópuráðinu hinn 4. apríl 2001.

Samkvæmt kafla 36 í lögunum er hægt að leggja fram umsókn um að víkja til hliðar yfirfærslutilskipun að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram þar til Yfirréttar Írlands, Four Courts, Inns Quay, Dublin 7, Írlandi, ekki síðar en 5 virkum dögum eftir útgáfu yfirfærslutilskipunarinnar. Samkvæmt kafla 64 (2) í lögunum, er ekki hægt að áfrýja yfirfærslutilskipuninni til Hæstaréttar án samþykkis Yfirréttar.

Eintök af yfirfærslutilskipuninni er fáanleg frá aðalskrifstofu Yfirréttar með tölvupósti til: listroomhighcourt@courts.ie

Fjárfestar kaupa gull:

# Verð á gulli hækkar enn

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á gulli heldur áfram að hækka. Verðið fór í 1.600 dollara á únsuna í framvirkum viðskiptum í gærmorgun og hefur aldrei verið hærra.

Það eru skuldakreppan í Evrópu og deilur um skuldaþak hins opinbera í Bandaríkjunum sem valda þessum hækkunum á gulli. Gull hefur löngum þótt örugg höfn fyrir fjárfesta þegar gefur á bátinn á fjármálamörkuðum heimsins. Búist er við því að verð á gulli haldi áfram að hækka.

Yfirgefur Afganistan í skugga gagnrýni á stefnu fjölþjóðaliðsins:

# Petraeus lætur af störfum í Afganistan

**AFGANISTAN, AP** David Petraeus hershöfðingi lét af störfum í gær sem yfirmaður fjölþjóðaliðsins í Afganistan. Við stöðu hans tekur John Allen. Petraeus tekur hins vegar við stöðu yfirmanns bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Stefna Petraeus hefur sætt sívaxandi gagnrýni. Árásir uppreisnarmanna hafa haldið áfram, þó að talsmenn herliðsins haldi því fram að þær væru mun tíðari hefði stefnunni ekki verið fylgt. Tveir háttsettir samherjar Hamids Karzai, forseta Afganistans, hafa verið myrtir á síðustu dögum, annar þeirra var hálfbróðir Karzais.

Þrír liðsmenn fjölþjóðaliðsins féllu í sprengjuárás í gær og hafa þá 37 liðsmenn verið felldir í þessum mánuði.

Afganskar sveitir taka nú í ríkari mæli við hlutverki fjölþjóðlegu sveitanna og Bandaríkin hafa hafið brottflutning á tæplega þriðjungi af þeim 100 þúsund sveitum sem eru í landinu.

Petraeus sagði í kveðjuræðu sinni að þrátt fyrir árangur að undanförnu, sérstaklega í suðurhluta landsins, væri mikil barátta fram undan.

„Þrátt fyrir að árangur hafi náðst með harðfylgi síðasta árið og við höldum áfram valdaskiptunum ættum við ekki að velkjast í vafa um þá erfiðleika sem fram undan eru.“ **- kóp**



**KVEÐUR AFGANISTAN** Petraeus tekur við sem yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Hér er hann ásamt Hamid Karzai, forseta Afganistans, við kveðjuathöfnina. NORDICPHOTOS/AFP



**LEIKIÐ Á LAUGAVEGI** Verslunareigendur á Laugavegi eru ánægðir með göngugötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mælingar á göngugötu:

# Fleiri ganga um Laugaveginn

**SAMGÖNGUMÁL Fimm þúsundum fleiri gengu um Laugaveg við Skólavörðustíg 12. júlí en um mánuði fyrr. Þetta kemur fram í talningum á vegum Reykjavíkurborgar.**

**Í byrjun júní voru vegfarendur um níu þúsund dag hvern. Talið var á ný 12. júlí en þá gengu tæplega fjórtán þúsund manns um Laugaveginn við Skólavörðustíg. Mælingar staðfesta einnig að fleiri stíga inn í flestar verslanir við göngugötuna en áður. Fundað var með fulltrúum kaupmanna í síðustu viku og ríkti almenn ánægja með tilraunina meðal þeirra.** **- þeb**

Umhverfisáhugi í kreppunni:

# Umhverfið æ mikilvægara

**UMHVERFISMÁL** Rúmlega 90 prósent Evrópubúa segja umhverfið verða æ mikilvægara fyrir sig. Þetta kemur fram í könnun sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lét gera. Bágt efnahagsástand virðist ekki hafa dregið úr áhuga á umhverfisvernd og 89 prósent aðspurðra vilja láta setja meira fé í málaflokkinn.

Í frétt á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að mikill meirihluti Evrópubúa sé sammála því að betri nýting náttúruauðlinda og aukin umhverfisvernd geti örvað hagvöxt innan sambandsins. Tveir af hverjum þremur í könnuninni flokkuðu sorp heimavið og yfir helmingur reyndi að draga úr orkunotkun. **- kóp**

## KÓPAVOGUR

### Spáir saman í fjármögnun

Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, lagði fram fyrirspurn í bæjarráði um það hvernig fjármagna eigi reiðskemmu sem ráðið samþykkti að byggja á Kjóavöllum. Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs, svaraði að þau ættu að finna sameiginlega út úr því þar sem samningur um málið hafi verið gerður þegar Gunnar var í meirihluta í bæjarstjórn.

## HÓLMAVÍK

### Stálþil boðið út

Auglýst hefur verið útboð á rekstri og frágangi stálþils við Hólmavík. Um er að ræða 123 metra langt stálþil utan um núverandi bryggjuhaus. Tilboð verða opnuð 28. júlí en verkinu skal lokið eigi síðar en 1. mars 2012.




Miðsvæðis í Flórída er Orlando, sannkölluð ævintýraveröld fyrir börn og fullorðna. Njóttu þess að flatmaga í sólinni við sundlaugina, farðu á ströndina eða skelltu þér með fjölskyldunni í næsta skemmtigarð. Í Orlando er ævintýralegt úrval afþreyingar og hægt að velja úr fjölda frábærra veitingastaða auk þess sem alltaf má stytta sér stundir í einhverjum hinna 350 verslana og verslunarmiðstöðva á svæðinu.

**Punktaðu niður ferðalagið**

Hægt er að nýta 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna inneign upp í pakkaferð til allra áfangastaða Icelandair.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

* Verð á mann í tvíbýli í 4 nætur. Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting.

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Guðmundar- og Geirfinnsmálið má ekki liggja kyrrt.

## Rannsóknina þarf að rannsaka

Skuggi Guðmundar- og Geirfinnsmálsins hefur legið yfir í nærfellt fjóra áratugi. Þótt nærvera þess hafi ekki alltaf verið jafnsterk er þetta mál sem ekki hefur gleymst og ekki getur gleymst vegna þeirrar furðulegu og ömurlegu atburðarásar sem átti sér stað frá því að mönnum datt í hug að tengja saman tvö mannshvörf og búa til úr þeim eitt reyfarakennt glæpamál þar sem nokkur ungmenni sem að sönnu áttu sitt líf á jaðri samfélagsins voru gerð að aðalpersónum.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Nú þegar ein þessara aðalpersóna, Sævar Ciesielski, er gengin er eðlilegt að málið leiti enn og aftur á. Innanríkisráðherra hefur verið hvattur til að beita sér fyrir endurupptöku málsins en Hæstiréttur hefur í tvígang hafnað því að taka málið upp að nýju. Ljóst er að ráðherra hefur ekki heimild til þess að skipa fyrir um endurupptöku máls fyrir Hæstarétti. Á það bendir Sigurður Líndal í frétt hér í blaðinu í dag. Ráðherra getur þó beint því til Hæstaréttar að hann taki málið upp.

Þeirri hugmynd hefur einnig verið varpað fram að sett verði á fót rannsóknarnefnd sem færi yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Vald innanríkisráðherra til að skipa slíka nefnd er óskorað.

Fáum blandast hugur um nauðsyn þess að kafa í öll þau gögn sem til eru um Guðmundar- og Geirfinnsmálið með það að markmiði að reyna að varpa sem skýrustu ljósi á þá atburði sem áttu sér stað frá því að farið var að rannsaka mannshvörfin tvö þar til dæmt var í málinu. Það ferli hlýtur að vera vel fært í skjöl þótt ýmislegt sem átti sér stað innan veggja fangelsisins í samskiptum við hina ákærðu sé óskráð. Atburðirnir sjálfir, mannshvörfin tvö, verða hins vegar ólíklega skýrð úr þessu.

Guðmundar- og Geirfinnsmálið hvílir eins og mara á íslenskum borgurum sem ekki tengjast málum á nokkurn hátt. Ástæðan er sú að meðferð málsins veikti trú manna og traust á réttlátri málsmeðferð innan lögreglu og dómskerfis.

Málið hvílir enn þyngra á þeim sem málinu tengjast, þeim sem voru þar sakborningar, fjölskyldum þeirra og vinum. Hjá þessum hópi, sem er stór, bætist við reiði og hryggð yfir því sem ástvinir þeirra máttu reyna í tengslum við málið. Sömuleiðis hlýtur meðferð málsins að hafa hvílt þungt á aðstandendum mannanna sem hurfu.

Guðmundar- og Geirfinnsmálið hefur opinberlega verið látið liggja kyrrt í áratugi. Það hefur þó alls ekki legið kyrrt í raun því undir liggur alltaf nagandi óvissa, eða öllu heldur vissa um að illa hafi verið staðið að málum og ungmennin hafi verið dæmd á harla veikum og ólíklegum forsendum.

Tímanum verður ekki snúið við og lífi þeirra sem ákærðir voru í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu ekki breytt. Hitt er annað að gagnger rannsókn á málsatvikum öllum verður að eiga sér stað og er skipun rannsóknarnefndar augljóst fyrsta skref í þá átt. Á niðurstöðu slíkrar nefndar yrði svo að byggja framhaldið.

Vissulega hefði verið farsælla að slík nefnd hefði tekið til starfa miklu fyrr en úr því sem komið er má segja að fráfall Sævars Ciesielski séu tímamót sem ber að nýta.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis.
Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.



Meira sjónvarp,
meira útvarp,
meiri fréttir,
meiri upplýsingar,
meiri umræða,
meira líf,
meiri íþróttir,
meiri virkni,
meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Boltavarpið í beinni á Vísi

vísir Meiri Vísir.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flókin framkvæmd

Stjórnlagaráð hefur nú lagt fram drög að nýrri stjórnarskrá og er þar á ferð um margt hið merkilegasta plagg. Erfitt er hins vegar að sjá að hægt verði að fara eftir öllum þeim góðu og gegnu hugmyndum sem þar er að finna. Eða hvernig ætlar ríkisvaldið að tryggja öllum „vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan“. Verður hér eftir hægt að kæra sem stjórnarskrárbrot hvers kyns ofbeldi? Eins er kveðið á um að óheftur aðgangur að netinu skuli tryggður. Hvað þýðir það? Kemst ég á Vísi hvar sem er á landinu, í Kverkfjöllum og Kringilsárrana?



### Fallegur óskalisti

Líkt og áður segir er margt gott að finna í stjórnarskrárdrögunum og þau lýsa góðum vilja stjórnarráðsmanna til betra samfélags. Þau minna hins vegar um margt á fallegan óskalista um hvernig samfélagið ætti að vera. Það er gott og blessað, en getur reynst erfitt í framkvæmd þegar á reynir.

### Til hvers stjórnarsáttmála?

Nokkrum tíðindum þótti sæta þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur lagði fram ítarlegasta stjórnarsáttmála sögunnar í maí 2009. Plaggið var upp á 17 blaðsíður og gaf fögur fyrirheit um hvert skyldi stefnt. Þar mátti sjá loforð um opna stjórnsýslu, aukið gagnsæi og lýðræðisumbætur, fyrirheit um hvernig fiskveiðistjórnkerfinu yrði breytt, yfirlýsingu um umsókn að Evrópusambandinu og lista yfir breytingar á ráðuneytum. Stundum virðist eins og ráðherrar þekki ekki þetta plagg. Leynd yfir söluvirði Byrs, deilur um fiskveiðifrumvörp og aðild að ESB og átök um fækkun ráðuneyta benda í það minnsta ekki til þess.



**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Er ESB betra en EES?


ESB-aðild



Baldur Þórhallsson

prófessor í stjórnmálafræði við HÍ


Nokkuð hefur verið gagnrýnt að við Íslendingar höfum litla sem enga möguleika á að hafa áhrif á lagasetningu ESB. Því er haldið fram að þetta sé mjög ólýðræðislegt. Þá bregður svo við að andstæðingar aðildar Íslands að ESB keppast við að lofsyngja EES-samninginn. Í þessu er nokkur þversögn.

Ef löggjöf ESB sem við tökum yfir vegna aðildar að EES er svo góð eins og andstæðingar ESB-aðildar halda fram þá hlýtur að vera enn betra fyrir okkur að vera innan sambandsins þar sem við getum haft áhrif á hana. Auk þess sem við getum haft frumkvæði að lögum. Aðild að ESB gefur okkur einnig kost á því að taka upp evru og stórbæta bæði lífskjör í landinu og stöðu atvinnulífsins.

> Við verðum að bindast okkar bestu nágrönnum nánum vina- og tryggðarböndum

Ein mesta breytingin sem orðið hefur á stjórnskipun Íslands átti sér stað með gildistöku samninganna um EES og Schengen. Skipulag ákvarðanatöku í samningunum er þannig úr garði gert að íslenskir stjórnmálamann geta ekki haft áhrif á þau lög sem við verðum eigi að síður að taka yfir. Ísland hefur enga aðkomu að ráðherraráðinu og Evrópuþinginu sem eru löggjafarsamkomur ESB. Ísland tekur yfir alla löggjöf þeirra sem varðar EES og Schengen. Innanríkisráðherrann hefur að vísu sæti við borð ráðherraráðs innanríkismála sem fjalla um Schengen en hann má ekki greiða atkvæði. Forsætisráðherra Íslands á ekki sæti í leiðtogaráði ríkja ESB sem tekur allar helstu ákvarðanir um framtíð ESB og þar með EES. Þar eru til dæmis teknar ákvarðanir um fjölgun aðildarríkja sambandsins og þar með ríkja EES. Ísland hefur heldur ekki fulltrúa í Efnahags- og félagsmálanefnd ESB né Byggðanefnd sambandsins hvað þá fulltrúa í Seðlabanka Evrópu.

Ríki sem vill láta taka sig alvarlega og líta á sig sem alvöru leikmann á alþjóðavettvangi getur ekki búið við samninga eins og EES og Schengen. Við stöndum utangarðs, án nokkurra bandamanna, án nokkurs skjóls þegar á reynir eins og dæmin sanna. Við verðum að bindast okkar bestu nágrönnum nánum vina- og tryggðarböndum með þeim samningum sem best bjóðast hverju sinni.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Landsbyggðin og Reykjavíkurvaldið

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Meðvitað eða ómeðvitað virðast býsna margir í höfuðborg landsins líta á landsbyggðarfólk eins og óðalsbændur litu á leiguliða sína. Endilega rækta landið, framleiða matvæli, taka vel á móti þéttbýlisaðlinum þegar hann er að sporta sig um landið í sumarfríinu, sem og laxveiðimönnum og hreindýraskyttum. Gott ef menn geta komið sér upp smáfyrirtækjum til að komast af. Krúttlegt að versla þar þegar drepið er niður fæti í plássinu í nokkra klukkutíma. Ekki má gleyma að baða sig dálítið í utanaðlærðri ást á ósnortinni náttúru. Láta flæða um vitundina upphafna ábyrgðarkennd. Virkilega góð tilfinning. Svo er fólkið á landsbyggðinni svo viðfelldið og vel að sér. Finnur lausnir ef upp koma vandræði. Gott að vita af því. Virkilega gott.

Hins vegar ætti þetta fólk ekki að blanda sér í stjórn landsins. Það er bara frekja. Óðalið er í höfuðborginni og þeir sem þar véla um mál vita best hvað þjóðinni er fyrir bestu. En þetta virðast Íslendingar utan höfuðborgarsvæðisins ekki skilja. Það er nú verkurinn.

**Landsbyggðarnaglar**

Mér hefur alltaf þótt einkennilegt þegar fjallað er í ræðu eða riti um þingmenn utan höfuðborgarsvæðisins sem kjördæmapotara. Eða harða landsbyggðarnagla, eins gert er í grein sem birtist í Morgunblaðinu fyrir viku síðan, eftir mann sem hefur horn í síðu flugvallarins í Reykjavík. Í höfuðborginni sitja kontóristar sem taka ákvarðanir um eflingu eða skerðingu á lífsgæðum á stöðum úti á landi sem þeir hafa kannski aldrei komið á. Þetta er bara útreikningur í tölvu. Enginn skilningur á aðstæðum. Þaðan af síður þekking. Fyrrnefndur skrifari virðist telja landsbyggðarmenn valdasækna og öfluga í eigin málum, og skrifar: „Á landsbyggðinni eru fulltrúar flokkanna á þingi og landsfundi oft valdir eftir því hvað þeir hóta mikilli hörku gagnvart „Reykjavíkurvaldinu“ og hvað þeir eru líklegir til að ná árangri. Afleiðingin er sú, að á landsfundi flokkanna mæta „harðir landsbyggðarnaglar“, sem berjast hver fyrir sitt byggðarlag en eiga þó eitt sameiginlegt. Kröfuna um áframhaldandi veru flugvallar í hjarta borgarinnar.“

Það væri forvitnilegt að vita hvernig umhorfs væri í landinu ef allir þingmennirnir kæmu af Reykjavíkursvæðinu. Skyldi vera mikill skilningur á þörfum, aðstæðum og möguleikum hinna ýmsu byggðarlaga til að vaxa og dafna? Og ef valdsækni er einkennandi fyrir landsbyggðarþingmenn, hvaða orð á þá við um þingmenn höfuðborgarsvæðisins?

> Varðandi flugvöllinn í Reykjavík, þá gengst ég fúslega við því að ég er mjög áfram um að hann verði þar sem hann er. Ef það kostar uppnefni úti í bæ, þá er það allt í lagi. Ég hef sérstakar mætur á Flugfélagi Íslands og þjónustunni þar. Sé maður ekki bundinn við tiltekinn dag er hægt að fá ódýrara far en ella.

**Flugfélag Íslands**

Sem betur fer eru öflugir þingmenn í öllum kjördæmum landsins. Það sem er kallað hagsmunagæsla í neikvæðri merkingu, er í raun sú hagsmunagæsla sem nauðsynleg er og öllum til gagns. Það er miklu farsælla að þeir sem á endanum taka ákvarðanir viti og skilji hvernig það kemur niður á viðkomandi bæjarfélagi eða kjördæmi. Skilji það vegna þess að það er einstaklingur á þingi sem veit allt um aðstæður á staðnum. Af þeim sökum er líklegar en ella að það verði tekin upplýst ákvörðun.

Varðandi flugvöllinn í Reykjavík, þá gengst ég fúslega við því að ég er mjög áfram um að hann verði þar sem hann er. Ef það kostar uppnefni úti í bæ, þá er það allt í lagi. Ég hef sérstakar mætur á Flugfélagi Íslands og þjónustunni þar. Sé maður ekki bundinn við tiltekinn dag er hægt að fá ódýrara far en ella. Ef aðstæður breytast, er ekkert mál að breyta miðanum. Kostar 1.500 krónur en það er ekkert í kringum þetta, þó að maður hringi klukkutíma áður en vélin fer í loftið.

Starfsfólkið er einstakt. Afslappað, lipurt og allt gengur eins og í sögu. Það er að minnsta kosti mín reynsla. Staðsetning flugvallarins er bæði góð fyrir þá sem eiga heima úti á landi og Reykvíkinga. Ég ætla því að taka undir með Einari Guðfinnssyni og þakka Ögmundi Jónassyni fyrir staðfestuna, um leið og ég undrast það að einhverjum finnist landsbyggðin kúga Reykvíkinga. Hvað má landsbyggðin þá segja um Reykjavíkurvaldið?

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Fimm mánuðir án Mubaraks

Eins og búast mátti við leiddi fall Hosni Mubarak Egyptalandsforseta fyrir fimm mánuðum ekki til hraðra breytinga í lýðræðisátt. Seinagangur og óuppfyllt loforð herráðsins hafa leitt til þess að mótmælendur eru farnir að safnast saman á hinu fræga Tahrirtorgi í miðborg Kaíró til þess að lýsa yfir óánægju sinni með eftirmenn Mubaraks. Mótmælin eru ekki krafa um frjálsar kosningar þar sem flestir Egyptar reikna með að ganga í kjörklefana í september eða í síðasta lagi í árslok. Mótmælin snúast um atriði sem skipta meira máli.

www.kristeligt-dagblad.dk
**Úr leiðara Kristeligt Dagblad**

### Bjánar á bremsunni

Það þarf að draga úr fjárlagahallanum í Bandaríkjunum. En ofstækisfullir repúblikanar standa í vegi fyrir breiðvirkum langtímalausnum og hafa þar með rúið landið trausti.

Það er margt merkilegt í deilunni um þak á ríkisskuldum. Hækki þingið það ekki í síðasta lagi 2. ágúst næstkomandi standa Bandaríkin frammi fyrir ónauðsynlegu gjaldþroti. Deilan snýst ekki um ný útgjöld ríkisins, heldur um að greiða fyrir ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar. Án hærri marka verður ríkið að falla frá nokkrum vaxtagreiðslum, lífeyrisgreiðslum og aðstoð til fyrrverandi hermanna.

www.dn.se/ledare
**Úr leiðara Dagens Nyheter**



# Mismunun fósturs

Samfélagsmál

Guðmundur Ármann Pétursson
stoltur faðir einstaklings með Downs



Fluttar hafa verið fréttir af því upp á síðkastið að 99% kvenna í Danmörku fari í fóstureyðingu ef rannsókn sýnir að barnið muni fæðast með Downs–heilkenni. Samkvæmt frásögn yfirlæknis kvennadeildar Landspítalans eru þeir teljandi á fingrum annarrar handar sem kjósa að ganga með á Íslandi ef þeir vita að fóstur er með Downs-heilkenni.

Það er rétt sem fram hefur komið, að það er mjög umdeilt að fóstur með Downs séu leituð uppi og foreldrum svo boðið upp á „val“ um það hvort það eigi að eyða fóstrinu. Haft er eftir yfirlækni Landsspítala að ríkið sé ekki að leita að neinu, það séu einstaklingarnir/parið sem á von á barni sem eigi val um fóstureyðingu. Heilbrigðisstarfsfólk veiti aðeins upplýsingar til að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun um það hvort það vilji greiningu eða ekki.

Hin „upplýsta ákvörðun“ sem mönnum er svo mikilvæg að sé tekin þegar fóstur er talið með Downs er svo upplýst að það heyrir til algjörrar undantekningar að niðurstaðan sé önnur en sú að láta eyða fóstrinu. Ef samfélagið telur það yfir höfuð siðferðislega rétt að flokka fóstur og í raun draga eina „tegund“ einstaklinga út og segja við verðandi foreldra þitt barn verður öðruvísi en önnur börn, þitt barn er í aukinni hættu á að fá hitt og þetta og þitt barn verður svona og svona. Ef þetta þykir rétt, sem það náttúrulega er alls ekki, er þá ekki rétt að hluti af hinu upplýsta vali sé að hitta einstakling með Downs og foreldra einstaklings með Downs? Margir foreldrar Downs-barna eru tilbúnir í slíkt samtal.

Verðandi foreldrar nýta sér oft þann valkost að fá að vita hvort fóstur er drengur eða stúlka. Ef öll fóstur eru „jöfn“ að verðleikum, því eru þá ekki t.d. verðandi foreldrar stúlkna upplýstir um allar þær mögulegu hættur sem stúlkur eru í, að þær séu í meiri hættu en t.d. drengir á að fá hina og þessa sjúkdóma. Svo má auðvitað nefna að við lifum í karlasamfélagi og að möguleikar stúlkna eru mun minni en drengja, að fleiri konur séu yfirleitt á atvinnuleysisskrá, að það séu verulegar líkur á að stúlka verði fyrir kynferðislegri misbeitingu og áfram má telja. Að sjálfsögðu hafa foreldrarnir val, það var aðeins verið að veita upplýsingar! Hversu margir foreldrar stúlkubarna myndu

> Vandamálið er ekki einstaklingar með Downs, vandamálið eru fordómar og siðferði sem ekki á að vera samboðið þroskaðri þjóð.

fara í fóstureyðingu og bara „reyna aftur“?

Það má því miður segja að það sé ekki til neinn hópur einstaklinga sem býr við jafn mikla fordóma og einstaklingar með Downs. Það er allavega ekki til neinn annar hópur sem leitað er að í móðurkviði með það raunverulega markmið að honum sé eytt. Hvað segja tölurnar? Í Danmörku er 99% fóstra með Downs eytt. Í Englandi var 482 fóstrum með Downs eytt árið 2010, þar af voru 10 þar sem móðir var gengin yfir 6 mánuði. Á Íslandi er það þannig að það eru nánast allir sem láta eyða fóstri sé talið að fóstrið sé með Downs. Nákvæmar tölur liggja ekki fyrir hérlendis, allavega ekki fyrir almenning.

Vandamálið er ekki einstaklingar með Downs, vandamálið eru fordómar og siðferði sem ekki á að vera samboðið þroskaðri þjóð.

Alicante
í júlí
Frá 19.900 kr.

Allra síðustu sætin
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina til Alicante í júlí á hreint ótrúlegu verði. Um er að ræða **flug til Alicante 21. og 24. júlí og frá Alicante 22. og 24. júlí.**
Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Kr. 19.900
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante.
Aðeins örfá sæti.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Matarverð á Íslandi er svipað og í Finnlandi og lægra en í Danmörku

Landbúnaður

Haraldur Benediktsson
formaður bændasamtakanna



Forkólfar Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) skrifuðu grein í Fréttablaðið 12. júlí sl. þar sem íslenska landbúnaðarkerfið, matvælaverð og tollvernd var gert að umtalsefni.

Ýmis kunnugleg stef er að finna í greininni þar sem fullyrt er að Íslendingar búi við eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi og að það sé til hagsbóta fyrir alla að skera það upp. SVÞ telja að með því að leyfa óheftan innflutning á matvörum þá snarlækki matvælaverð á Íslandi. Þeirri fullyrðingu hefur áður verið kastað fram með misjöfnum rökstuðningi.

Greinarhöfundar eru djarfir að fullyrða um hátt verð á landbúnaðarvörum en í því ljósi er rétt að skoða nýlega evrópska verðkönnun sem Hagstofa ESB (Eurostat) sendi frá sér fyrir skemmstu. Þar kemur fram að verð á matvöru á Íslandi er einungis 13% yfir meðaltali 37 Evrópuríkja.

Í könnun Eurostat er gerður samanburður á heimilisútgjöldum í 37 Evrópulöndum en hún náði til ESB-landanna 27 og 10 annarra landa í Evrópu, þ.á.m. Íslands. Meðalverð heildarinnkaupa heimila innan ESB-landanna 27 er sett á 100 og síðan er staðan í einstökum löndum metin miðað við það.

Samanburðurinn byggir á gögnum frá 2010 og er leiðréttur fyrir mismunandi kaupmætti.

## Svipað verðlag á Íslandi og í Frakklandi og Belgíu

Miðað við heildarútgjöld eru Sviss, Noregur, Danmörk, Finnland, Lúxemborg og Svíþjóð dýrustu lönd Evrópu, en verðlag þar var 20-48% hærra en meðaltalið. Ísland reyndist 11% hærra en meðaltalið sem er svipað verðlag og í Frakklandi og Belgíu. Ódýrustu löndin eru Makedónía, Albanía og Búlgaría en þar er verðlagið 44-51% af meðaltalinu.

Næstum þrefaldur munur er á verðlagi á milli dýrasta ESB-landsins (Danmerkur - 143%) og þess ódýrasta (Búlgaríu - 51%) sem sýnir að ekki er til neitt eitt „Evrópuverð“ eins og sumir vilja vera að láta.

## Matur og drykkjarvörur á svipuðu verði og í Finnlandi

Þegar kemur að mat og drykkjarvörum er Ísland 13% yfir meðaltalinu eða á sama stað og Finnland. Athuga verður að þarna er um að ræða allar matvörur, bæði innlendar sem innfluttar. Við höfum séð það undanfarin misseri að innlendar búvörur, sem njóta tollverndar, hafa hækkað mun minna hérlendis heldur en innfluttar tollfrjálsar matvörur. Noregur er áfram dýrastur (165%) en Danmörk er dýrasta ESB landið (136%). Ódýrasta landið er Makedónía (51%) en ódýrasta ESB-landið er Búlgaría (66%).

> Frá hausti 2008 hefur innlend búvara hækkað um 20% en innflutt búvara um rúmlega 60%. Tollverndin hefur því varið kaupmátt.

## Af hverju eru raftæki 53% dýrari á Íslandi?

Athygli vekur að verð á heimilis- og raftækjum er 53% hærra hér en meðaltalsverð Evrópuríkjanna, en líklega eigum við ekki von á því að SVÞ kvarti sérstaklega yfir því. Að sama skapi kemur í ljós að útgjöld heimilanna til kaupa á fötum og skóm eru um 36% yfir meðaltali og samgöngur og farartæki eru 18% dýrari hérlendis en að meðaltali í Evrópulöndunum. Ekki er hægt að kenna þar um tollvernd fyrir íslenskan landbúnað. Um útgjöld heimilanna í heild má örugglega segja margt og án efa mætti lækka þau með betri og hagværnari verslun á Íslandi. Við búum við dýrt verslunarkerfi og sama er að segja um flutninga til landsins.

## Íslensk fyrirtæki fljót að hækka verð í takt við gengisbreytingar

Á sama tíma og greinin frá SVÞ birtist í Fréttablaðinu voru greinarhöfundar svo óheppnir að fjallað var um rannsókn Seðlabanka Íslands um helsta vandamál neytenda hér á landi, sumsé verðmyndun og álagningargleði íslenskra fyrirtækja. Í rannsókn Seðlabankans kemur m.a. fram að fyrirtæki hérlendis eru líklegri til að hækka verð eftir gengisfall en að lækka það eftir gengisstyrkingu. Á þetta er bent hér en e.t.v. er ástæða fyrir Samtök verslunar og þjónustu að kryfja nánar ástæður þess að innflytjendur eru tregari til að lækka verð en hækka við gengisbreytingar.

## Tollverndin er vinsælt umræðuefni

Eitt vinsælasta umræðuefni aðildarsinna ESB er tollvernd. Tollvernd skapar nauðsynlega rekstrarforsendu fyrir innlendan landbúnað en hún er líka hagstjórnartæki, nokkurs konar stjórntæki fyrir fullvalda þjóð sem ræður sínum málum. Tollverndin er ekki síst hagsmunamál neytenda. Ef tollverndar hefði ekki notið við undanfarna mánuði væri matarverð mun hærra. Rökstuðningurinn að baki þessari fullyrðingu er sá að ef tollvernd væri ekki fyrir hendi væri íslenskur landbúnaður vart svipur hjá sjón – það væru mun færri sem störfuðu við matvælaframleiðslu og minna framleitt af mat í landinu. Frá hausti 2008 hefur innlend búvara hækkað um 20% en innflutt búvara um rúmlega 60%. Tollverndin hefur því varið kaupmátt.

Ef tollverndin hyrfi væri auðvelt fyrir fjársterka aðila að ryðja innlendri framleiðslu af markaði með undirboðum á erlendri jaðarframleiðslu á tiltölulega stuttum tíma. Það er ekki vafi á því að enginn hefði meiri hagsmuni af afnámi tollverndar fyrir íslenskan landbúnað en verslunin. Ekki neytendur og ekki bændur.

## Byggjum á staðreyndum

Bændur eru nú sem fyrr tilbúnir til að taka þátt í umræðum um íslenskan landbúnað og matvörumarkaðinn hér á landi. Við biðjum ekki um annað en að þær umræður séu málefnalegar, byggðar á staðreyndum og nýjustu fáanlegum gögnum.

# Lýðurinn svarar

Lýðræði

Lýður Árnason
situr í stjórnlagaráði



Félagi minn í stjórnlagaráði, Pawel Bartoszek, hefur gert grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi beint lýðræði. Tiltekur hann þá möguleika að stjórnmálamenn geti með múgspurningum firrt sig ábyrgð, styrkt eigin málefnastöðu eða búið til fleiri valkosti undir yfirskini lýðræðisástar. Vissulega er þetta rétt og óhjákvæmilegur hluti beins lýðræðis.

Ég vil hinsvegar ámálga þá hlið þessa fyrirbæris sem að mínum dómi er miklu stærri og vigtarmeiri. Með beinu lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslum er sá réttur færður til fólksins að hafa áhrif á eigin mál. Að ákveðið hlutfall kosningabærra manna geti með samstillingu skotið máli í þjóðardóm er nýlunda í íslenzkri þjóðskipan.

Með þessu er opnað fyrir beina þátttöku almennings í stjórnmálum. Innleiðing stjórnlagaráðs á beinu lýðræði er ekki bara vegna þeirrar sýnar sem við blasir í baksýnisspeglinum heldur er þetta einnig hugsað sem skref í framþróun lýðræðisins þar sem þegnarnir hafa sinn eigin málskotsrétt. Þjóðaratkvæðagreiðslur, ekki sízt sprottnar af þessum meiði, ættu að minni hyggju ávallt að vera bindandi. Annars gefa þær stjórnmálamönnum sjálfsvald í túlkun ásamt því að letja frumkvæðið sjálft.

Ekki sjá allir ljósið í beinu lýðræði og telja fulltrúalýðræðið nægjanlegt, þ.e. að lýðræðislega kjörið þing haldi eitt og óstutt um stjórnartaumana. Í sumum þjóðfélögum á þetta við en Ísland er sannlega ekki í þeim hópi. Alþingi Íslendinga nýtur lítils trausts og verðskuldar aðhald almennings. Vil því ítreka það sjónarmið að beint lýðræði ætti fremur að skoðast frá sjónarhóli utanþingsmanna en innanþings, beint lýðræði er verkfæri þjóðar til að bregðast við afvegaleiddu þingi.

Margir segja beint lýðræði innibera hættu á samþykki vafasamra mála. Hvað eru vafasöm mál? Er það aðskilnaður ríkis og kirkju, kvótinn,lög um fjármálamarkað, viðurlög við stjórnarskrárbrotum, vegtollar eða flugvallarflutningur? Minni á að lýðræði er að tryggja farveg, ekki sorteringu á málum né útkomu. Beint lýðræði er ekkert annað en yfirlýsing þjóðar þess efnis að hún treysti sjálfri sér.

Það er mín skoðun að fulltrúalýðræði og beint lýðræði fari vel saman og treysti stjórnarfar. Fulltrúalýðræði er stofugangur frambjóðenda á fjögurra ára fresti þar sem kjósenda er vitjað. Beint lýðræði er eftirgangur kjósenda á vilyrðum frambjóðendanna. Samspil sem gengur prýðilega upp.

Að lokum þetta: Múgspurningar eiga fullan rétt á sér í þjóðfélögum sem kenna sig við lýðræði. Múgspurning er aftur á móti ljótt orð og mæli ég frekar með Lýðspurning.

Á HÓTEL EDDU ERU FYRSTA FLOKKS VEITINGASTAÐIR SEM LEGGJA SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI. Í SUMAR TÖFRUM VIÐ MEÐAL ANNARS FRAM GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI ALLAN HRINGINN.

## NJÓTTU AFURÐA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU Á HÓTEL EDDU Í SUMAR!

# BROSANDI ALLAN HRINGINN






## 13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS

# Einn Íslendingur deyr daglega

Heilbrigðismál

Jóhanna S. Kristjánsdóttir
verkefnisstjóri RÍR



Reykingar eru ein mesta ógn nútímans við heilbrigði fólks. Tóbaksnotkun veldur ýmsum sjúkdómum sem skerða lífsgæði einstaklinga verulega, leiða til fötlunar og ótímabærs dauða. Notkun tóbaks er jafnframt ein af aðaldánarorsökum á heimsvísu. Fyrir rúmum 50 árum var fyrst sýnt fram á skaðsemi reykinga í langtímarannsókn. Síðan þá hafa margar rannsóknir sýnt fram á skaðsemi reykinga, bæði fyrir reykingamanninn sjálfan og þá sem eru í óbeinum reykingum.

Hóprannsóknir Hjartaverndar hafa einnig sýnt fram á að karlar sem reykja einn pakka eða meira af sígarettum á dag, stytta meðalævi sína um 13 ár, en konur um 10 ár. Á árunum 1995-2004 voru að meðaltali 22% dauðsfalla Íslendinga vegna reykinga og voru konur með 3% hærri dánartíðni en karlar sökum þess. Þetta gerir að u.þ.b. einn Íslendingur deyr á hverjum degi vegna reykinga. Árlega deyr því fleira fólk á Íslandi vegna reykinga, heldur en af völdum ólöglegra fíkniefna, áfengis, sjálfsmorða, morða, umferðarslysa, eldsvoða og alnæmis samanlagt.

Þrátt fyrir þetta er fjármunum til tóbaksforvarna verulega ábótavant og þyrfti að auka starfsemi tóbaksvarnar verulega til að takast á við þessa ógn við heilbrigði fólks. Finnsk stjórnvöld hafa sett sér markmið að Finnland verði tóbakslaust árið 2040 og mættu íslensk stjórnvöld taka sér Finnana til fyrirmyndar. Ísland hefur alla burði til að verða tóbakslaust árið 2033 samkvæmt kanadískum sérfræðingum og þá jafnvel fyrst Norðurlandaþjóða.

Nú þarf að bretta upp ermar og hefjast handa, en mikilvægt er að byrja á rótinni, þ.e. fyrirbyggja að börn og unglingar hefji tóbaksnotkun. Sýnt hefur verið fram á að 80% reykingamanna byrjuðu að nota tóbak fyrir 18 ára aldurinn og því þarf að gera allt til að börn og unglingar byrji ekki fyrir þann aldur að fikta við tóbak. Tóbaksvarnir í skólum eru því mjög mikilvægur hlekkur og má ekki vanmeta. Tóbaksvarnirnar þurfa alltaf að vera í gangi og upp í gegnum alla skólagönguna, en ekki bara í einstaka árgöngum og einungis sum ár. Tóbaksvarnir eru einnig ekkert einkamál eða verkefni ákveðinna aðila. Tóbaksvarnir eiga að vera sameiginlegar og eiga margir að koma að þeim, eins og skólasamfélagið, heilsugæslan, Landlæknir, foreldrar og ýmis félagasamtök. Allir þurfa að leggjast á eitt.

Nýleg skýrsla landlæknis Bandaríkjanna sýnir að skaðsemi óbeinna reykinga er mun meiri en fólk hafði áður gert sér grein fyrir. Í tóbaksreyk eru 7.000 efni og eru 70 af þeim beint krabbameinsvaldandi og mörg hinna verulega skaðleg. Öll þessi efni fara út í tóbaksreykinn og valda skaða hjá þeim sem anda honum að sér. Tóbaksreykurinn er því langt frá því að vera skaðlaus. Verum vakandi og verndum sérstaklega börnin fyrir óbeinum reykingum, en þau eru mun viðkvæmari en þeir sem eldri eru og tóbaksreykurinn hefur veruleg áhrif á vöxt og þroska barnanna. Helstu sjúkdómar og heilsufarsleg vandamál hjá börnum vegna óbeinna reykinga eru astmi, sjúkdómar í miðeyra, vöggudauði, ýmsir öndunarfærasjúkdómar og hvítblæði. Ónæmiskerfi barna sem eru í óbeinum reykingum er því veiklað og fá þau frekar umgangspestir. Hjá fullorðnum sem eru í óbeinum reykingum eru helstu sjúkdómar lungnakrabbamein, heilablóðfall, ýmsir öndunarfæra- og lungnasjúkdómar, kransæðasjúkdómar, brjóstakrabbamein og ýmis vandamál tengd þungun kvenna. Margt hefur verið gert til að vernda fólk í vinnu sinni svo það þurfi ekki að vera í óbeinum reykingum og var reykingabannið á veitinga-, skemmti- og gististöðum landsins eitt stærsta átakið í rétta átt hvað það varðaði, en það tók gildi í júlí árið 2007. Börn eru hins vegar ennþá útsett fyrir tóbaksreyk á heimilum sínum og í bifreiðum. Þó nokkur umræða hefur verið um að banna reykingar í einkabifreiðum til að vernda þá sem ekki reykja.

Fyrir þá sem vilja hætta tóbaksnotkun hefur verið sýnt fram á það að það er aldrei of seint að hætta. Heilsufarslegur ávinningur er alltaf einhver þegar tóbaksnotkun er hætt, en vissulega getur tóbaksnotkun leitt til varanlegs skaða í líffærakerfi manna. Þrátt fyrir það aukast lífsgæði einstaklinga oft verulega þegar tóbaksnotkun er hætt, öndun verður léttari, betra blóðflæði, þol eykst, matur bragðast betur, lyktarskynið eykst, minni öndunarfæraeinkenni eins og hósti og slímframleiðsla, svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt er sá sem hættir tóbaksnotkun góð fyrirmynd þeirra sem yngri eru og hvatning annarra tóbaksneytenda til að hætta einnig. Annar ávinningur er að ári eftir að reykingum er hætt hafa líkurnar á að fá hjartasjúkdóm minnkað um helming, fimm árum seinna er hættan á að fá hjarta- og æðasjúkdóma svipuð og hjá þeim sem hafa aldrei reykt, tíu árum seinna hefur hættan á að fá lungnakrabbamein minnkað um helming og 15 árum seinna er hættan á að fá lungnakrabbamein orðin álíka mikil og hjá þeim sem hafa aldrei reykt.

> Fyrir þá sem vilja hætta tóbaksnotkun hefur verið sýnt fram á að það er aldrei of seint að hætta. Heilsufarslegur ávinningur er alltaf einhver þegar tóbaksnotkun er hætt

Ráðgjöf í reykbindindi (RíR) var stofnuð í janúar árið 2000 af Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og hefur starfað óslitið síðan, eða í rúm 11 ár við að hjálpa fólki að hætta tóbaksnotkun og nikótínlyfjum. Ráðgjafar RíR munu standa fyrir gjörningi á hafnarsvæðinu á Húsavík dagana 17.- 24. júlí næstkomandi með því að setja niður einn kross á dag, þessa átta daga, til að minnast þeirra sem hafa látist vegna reykinga. Krossarnir verða settir niður kl. 13 alla dagana og munu ráðgjafar vera hluta úr degi við þá og spjalla við fólk um tóbak og tóbaksnotkun. Ráðgjafar eru jafnframt við símann alla virka daga frá kl. 17-20 í 800-6030.

# Það dýrmætasta sem við eigum?

Kjaramál

Heiða Ingólfsdóttir
leikskólakennari

Magnea Sif Einarsdóttir
leikskólakennari

Sigurbjört Kristinsdóttir
leikskólakennari

Ingibjörg Guðmundsdóttir
leikskólakennari






Kjarabarátta leikskólakennara stendur nú sem hæst en lítið hefur mjakast í þeim efnum og stefnir í verkfall þann 22. ágúst næstkomandi. Barátta okkar fyrir mannsæmandi launum hefur fengið lítinn hljómgrunn á undanförnum árum en nú er staðan sú að leikskólakennarar hafa verið samningalausir frá árinu 2009 og hafa dregist verulega aftur úr viðmiðunarstéttum. Verkfall er ekki óskastaða og við gerum okkur grein fyrir því að það mun fyrst og fremst bitna á þeim sem síst skyldi, þ.e. börnum og fjölskyldum þeirra.

Hvað er það dýrmætasta sem við eigum? Þessu er fljótsvarað, það eru að sjálfsögðu börnin okkar, þau eru fjársjóður framtíðar og það eru þau sem ætla að byggja upp framtíðina. En hverju er samfélagið tilbúið að kosta til við að varðveita þennan fjársjóð? Ekki miklu, það er alveg ljóst. Það er aftur á móti tilbúið að eyða ansi háum fjárhæðum í vörslu peninga sem geta orðið verðlausir með öllu á örskammri stundu.

Starfið í leikskólanum einkennist af gleði og jákvæðni. Þetta er yndislegt starf með frábærum kennurum, yndislegum börnum og fjölskyldum. Þetta er það sem gerir starfið dýrmætt. En vert er að hafa í huga að þetta gerist ekki allt af sjálfu sér. Það þarf góða stjórnun, skipulag, fagkunnáttu og reynslu til að halda þessu mikilvæga starfi á því framsækna stigi sem það er.

Menntun leikskólakennara tekur í dag fimm ár en var áður þriggja ára nám. Leikskólakennarar hafa verið duglegir að afla sér aukinnar menntunar á mörgum sviðum, svo sem í stjórnun, menntun ungra barna og sérkennslu svo eitthvað sé nefnt. Leikskólakennarar hafa ávallt unnið starf sitt af metnaði og hugsjón sem er vel en það eitt og sér dugar ekki lengur. Nú er svo sannarlega nóg komið og það er sjálfsagður réttur okkar að starf okkar og menntun sé metið á sama hátt og aðrar stéttir með sambærilega menntun.

Við lítum á það sem mannréttindabrot að geta ekki lifað mannsæmandi lífi af launum okkar. Við erum stétt þar sem konur eru í miklum meirihluta og það verður ekki liðið lengur að það sé sjálfsagt mál að kvennastéttir séu láglaunastéttir. Nú er kominn tími til að gera kröfur.

Það er ósk okkar að samninganefnd sveitarfélaga sjái sóma sinn í því að semja við kjaranefnd leikskólakennara fyrir 22. ágúst. Það eru breyttir tímar í þjóðfélaginu og við vonumst til að verðmætamatið hafi einnig breyst.

> Við óskum eftir stuðningi ykkar allra í baráttu okkar fyrir bættum kjörum.

Við óskum eftir stuðningi ykkar allra í baráttu okkar fyrir bættum kjörum. Leikskólastigið er grunnurinn að framtíðinni, það er það sem við byggjum á, sá grunnur þarf að vera sterkur. Það erum við leikskólakennarar í samvinnu við foreldra, sem og samfélagið í heild, sem berum ábyrgð á að sá grunnur sé eins sterkur og mögulegt er.

Við skorum á stjórnvöld og samfélagið í heild að íhuga af alvöru þetta óréttlæti sem okkur hefur verið sýnt, taka afstöðu með okkur leikskólakennurum og standa vörð um þetta mikilvæga skólastig. Stöndum saman.

*Börnin eru gullnáma. Hlutverk hinna fullorðnu er að fá gullið til að glóa.*

**(Loris Malaguzzi)**

# Sameining ráðuneyta í fimm

Stjórnmál

Ólafur Reynir Guðmundsson
lögfræðingur



Það er mikil áskorun að efla opinberan rekstur á tímum niðurskurðar. Þó má ekki láta deigan síga því rangar ákvarðanir valda tjóni. Við þurfum að leita allra leiða til að fara betur með opinbert fjármagn og gera stjórnun ríkisins skilvirkari. Með því að sameina ráðuneyti úr tíu í fimm værum við einu skrefi nær þessu markmiði.

Stjórnarráð Íslands er veikburða. Ráðuneytin eiga fullt í fangi með að afgreiða erindi og kærur innan lögbundinna fresta, stefnumótun takmarkast við einstök svið, algengt er að starfsmenn fái verkefni sem henta þeim illa, sérhæfingu skortir víða og lykilþekking er því oft bundin við fámennan hóp starfsmanna – stundum aðeins einn starfskraft.

Vandi okkar stjórnsýslu er að stjórna tiltölulega fáum einstaklingum, sem oft eru hlaðnir verkefnum. Raunveruleg yfirsýn verður því afar takmörkuð. Orðið „forgangsröðun“ verður hjóm eitt, þar sem ekkert annað er í „forgangi“ en hefðbundin (dagleg) verkefni. Á meðan er erfitt að líta til framtíðar og ákveða hvernig verja má opinberu fjármagni á sem bestan hátt.

> Vandi okkar stjórnsýslu er að stjórna tiltölulega fáum einstaklingum, sem oft eru hlaðnir verkefnum.

Það er engin töfralausn að fækka ráðuneytum. Þó er ljóst að um leið og ráðuneytin yrðu fimm talsins snarbreyttist allt samhengi Stjórnarráðsins og ákvarðanataka yrði vandaðri. Einingar Stjórnarráðsins yrðu stærri og hægt væri að setja á stofn fleiri og fjölmennari vinnuhópa um tilgreind verkefni, sameining stofnana yrði markvissari, allsherjar stefnumótun væri möguleg enda allt ákvarðanaferli heildstæðara, mun auðveldara væri að ljúka eiginlegum forgangsverkefnum, einfaldara yrði að skipuleggja átaksverkefni, frí og veikindi starfsmanna hefðu minni áhrif á verkefnastöðu, þekkingu mætti miðla betur milli starfsmanna og jafnframt yrði auðveldara að finna starfsmönnum verkefni sem hæfa menntun þeirra og reynslu.

Enginn vafi er á því að starfsmenn Stjórnarráðsins gera sitt besta í öllu sem þeir takast á hendur. Ábyrgð hins opinbera eykst hins vegar dag frá degi, breidd verkefna er meiri en áður og kröfur um bætt eftirlit verða æ háværari. Sameining ráðuneyta ásamt innri skipulagsbreytingum, s.s. gjörbreyttri umgjörð kærumála (þ.m.t. kærunefnda), er leið sem við verðum að skoða betur.

Margir álíta vafalaust að hugmynd um fimm ráðuneyti sé óraunhæf. Ríkið er hins vegar nánast lamað vegna fjárhagsþrenginga og bætt stjórnun er lykilatriði allrar enduruppbyggingar.

Það er enn fremur ekkert lögmál að ráðuneyti verði að vera fleiri heldur en færri.

# Árétting

Vegna mistaka birtist meðfylgjandi línurit ekki með grein Kristins M. Ársælssonar, Akademísk aðskilnaðarstefna. Greinina með línuritinu má lesa á Vísi.




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA



**Fjölbreytt hreyfing** eflir og viðheldur líkamsgetu ásamt því að minnka líkurnar á mörgum lífsstílstengdum sjúkdómum. Almennar ráðleggingar miða við að fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur daglega og börn í 60 mínútur til að hreyfingin hafi góð áhrif á heilsuna.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



Nóra
**Fyrir bústaðinn og heimilið**
Opið: má-fö. 12:30-18, lokað um helgar.
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is facebook.com/norainsland

NÝKOMINN OG ÆÐISLEGUR !

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur
teg FLORENCE - fínleg blúnda, samt haldgóður í D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH,J,JJ skálum ! á kr 9.590,-

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál


Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg
**Betra loft**
**betri líðan**
**Airfree lofthreinsitækið**

- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Elfa Ágústsdóttir dýralæknir segir ofnæmistilfellum meðal hunda og katta hafa fjölgað hérlendis.

# Ofnæmið áhyggjuefni



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Þetta er að verða mikið áhyggjuefni þar sem veruleg aukning virðist hafa orðið hérlendis núna á síðustu árum,“ segir Elfa Ágústsdóttir dýralæknir á Dýraspítalanum í Lögmannshlíð á Akureyri. Þar hefur starfsfólk ekki haft undan í sumar við að hlúa að gæludýrum, aðallega hundum og köttum, með ofnæmi sem Elfa telur vaxandi vandamál á Íslandi. Fréttablaðið hafði samband við fleiri dýralækna sem eru flestir sama sinnis.

Að sögn Elfu er árstíðabundið umhverfisóþol á borð við gras- og frjókornaofnæmi algengasta meinið og því næst fæðuóþol. Einkennin séu svipuð og hjá mannfólkinu, svo sem nef- og augnrennsli, öndunarerfiðleikar, kláði og útbrot og komi yfirleitt fram um sex mánaða til þriggja ára aldur, en greining fáist yfirleitt með samspili sjúkdómssögu og blóð-

FRAMHALD | 2



LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd
HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.
Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði
- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

Er erfitt að standa upp?
10 ÁR Á ÍSLANDI
www.vilji.is • Sími 856 3451



**Þurrburstun** þykir hafa góð áhrif að því leyti að hún örvar blóðflæði og sogæðakerfi og er eiturefnalosandi. Hún fjarlægir auk þess dauðar húðfrumur og flýtir fyrir endurnýjun húðarinnar. Gott er að nota þurrburstun að minnsta kosti einu sinni í viku og bera síðan góð rakakrem á húðina á eftir.


ÚTSALA HAFIN!



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli




Brunið niður brautirnar tvær þykir mikil skemmtun. Önnur er með góðum beygjum og hentar byrjendum en hin er fyrir lengra komna. Helgina eftir verslunarmannahelgi verður fjölskyldudagur á svæðinu með pulsupartíi og tilheyrandi. *Mynd/Bob van Duin*


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið

Þú færð Fréttablaðið á 37 stöðum á Norðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt.**

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

| | | |
|---|---|---|
| N1, Staðarskáli, Hrútafirði | N1, Akureyri | Samkaup Úrval, Ólafsfirði |
| Reykjaskóli, Hrútafirði | Bónus, Naustahverfi, Akureyri | N1, Húsavík |
| Kaupfélagið, Hvammstanga | Tíu ellefu, Akureyri | Olís, Húsavík |
| Verslun Víðigerði | Olís, Akureyri | Shell skáli, Húsavík |
| N1, Blönduósi | Brauðgerð KR. Jónssonar, Ak. | Samkaup Úrval, Húsavík |
| Potturinn og pannan, Blönduósi | Bláa kannan, Akureyri | Kaskó, Húsavík |
| Samkaup Úrval, Blöndósi | Nettó, Akureyri | Verslunin Ásbyrgi |
| Olís, Skagaströnd | Samkaup Strax, Byggðavegi | Verslunin Urð, Raufarhöfn |
| Samkaup Úrval, Skagaströnd | Samkaup Strax, Borgarbraut | N1, Þórshöfn |
| N1, Sauðárkróki | Bónus, Akureyri | |
| Shell skáli, Sauðárkróki | Olís, Dalvík | |
| Hlíðarkaup, Sauðárkróki | N1, Dalvík | |
| Kaupfélag Skagfirðinga, Varmahlíð | Samkaup Úrval, Dalvík | |
| Samkaup Úrval, Siglufirði | Olís, Ólafsfirði | |

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


# Brunað niður

## Skálafell á hjóli

**Skálafell Bike Park opnaði formlega um síðustu helgi. Þar er að finna tvær hjólreiðabrautir í 220 metra fallhæð. Þangað er farið með stólalyftu en markmiðið er að nýta betur þjónustu skíðasvæðisins yfir sumartímann. Opið er frá 12 til 16 allar helgar.**

„Þetta er gert víða á skíðasvæðum erlendis með góðum árangri," segir Einar Bjarnason rekstrarstjóri Bláfjalla. Hjólreiðavangurinn var prufukeyrður í ágúst í fyrra en þeir sem ruddu brautina, í bókstaflegri merkingu, voru athafna- og áhugamenn um fjallahjólreiðar í nánu samstarfi við ÍTR og Reykjavíkurborg. „Í fyrra vorum við með eina 2,9 kílómetra braut en núna höfum við bætt annarri rúmlega fjögurra kílómetra við. Hún er léttari en sú fyrri, sem er nokkuð brött og búin stökkpöllum, og hentar svæðið því orðið öllum, bæði byrjendum og lengra komnum. Þá er kominn nýr mótor í lyftuna svo hún er bæði snarpari og öruggari," segir Einar.

Brautirnar, sem eru ætlaðar hvers kyns reiðhjólum, hafa báðar verið rakaðar og grjóthreinsaðar og aðstæður því eins og best verður á kosið. En hvernig kemst fólk upp með hjólin sín? „Við höfum smíðað króka á sætin sem við hengjum þau á. Við hægjum svo á lyftunni þegar upp er komið og fólk kippir hjólunum einfaldlega af með einu handtaki." Einar segir um að ræða ómælda skemmtun og að fólk fari aftur og aftur. „Ég er nú alinn upp á mótorkrosshjólum og hef hingað til kosið vélknúin farartæki. Ég hefði því ekki trúað því hvað þetta er skemmtilegt." Hann segir möguleikana á svæðinu óþrjótandi og að aðstaðan nýtist göngufólki ekki síður. „Það er hægt að nýta sér lyftuna og ganga frá lyftutoppi upp á topp Skálafells og þaðan er um ótal leiðir að velja. Kjósin, Esjan, Móskarðshnúkar og Laufskörð svo eitthvað sé nefnt. Svo er alltaf hægt að taka lyftuna niður aftur. Til viðbótar stendur til að kortleggja og lagfæra ýmsa slóða sem liggja frá Skálafelli sem væri þá hægt að hjóla."

*vera@frettabladid.is*



Dagpassi kostar 2.000 krónur en stök ferð er á 500. *Mynd/Bob van Duin*



Einar segir svæðið bjóða upp á mikla möguleika. *Fréttablaðið/Stefán*

Framhald af forsíðu

prufu. Þá leiti fleiri aðstoðar vegna ofnæmis hjá hundum en köttum.

„Fjölgun ofnæmistilfella virðist haldast í hendur við vinsældir tiltekinna hundategunda. Mann grunar að sumir ræktendur freistist til að selja undan dýrum sem vitað er að þjást af ofnæmi þar sem engar reglugerðir banna slíkt þótt það sé siðferðislega rangt," segir Elfa og telur það bjarnagreiða við kaupendur sem þurfi í sumum tilvikum að standa straum af lyfja- og sérfæðiskostnaði sem geti hlaupið á tugum og jafnvel hundruðum þúsunda króna á ári hverju.

„Svo ekki sé talað um fyrirhöfnina sem fylgir því að eiga langveikt dýr sem þarf stöðuga umönnun hluta úr ári eða allt árið um kring og býr við skert lífsgæði," segir hún „Flestir gera allt til að hugsa um dýrin sín því auðvitað vill enginn lóga fjölskylduvini nema önnur úrræði séu ekki fyrir hendi."

*roald@frettabladid.is*



Að sögn Elfu er árstíðabundið umhverfisóþol á borð við gras- og frjókornaofnæmi algengasta ofnæmið meðal hunda og katta.

GLUGGAR

Kynningarblað
Viðhaldsfríir
Álgluggar
Ál/trégluggar
Einangrun
Sérsmíði
Óþrjótandi möguleikar

ÞRIÐJUDAGUR 19. JÚLÍ 2011




„Við gerum verðtilboð og á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni bjóðum við upp á að koma og mæla fyrir gluggum og bjóðum jafnframt upp á uppsetningu," segir Hafsteinn Hilmarsson, rekstrar- og sölustjóri hjá Glerborg. MYND/HAG

# Viðhaldsfríir gluggar

**Glerborg er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki sem býður upp á mikið úrval glertegunda. Þá er fyrirtækið með breiða línu af gluggum, hurðum, sólstofum og svalalokunum auk þess sem hægt er að fá þjónustu við mælingar og uppsetningar.**

Glerborg hefur farið í gegnum þó nokkrar breytingar síðustu árin þannig að auk þess sem fyrirtækið býður alltaf upp á mikið úrval af gleri eru aðrar vörur ekki síður orðnar áberandi, svo sem gluggar og hurðir.

„Í dag leggjum við mikla áherslu á PVC-u glugga og hurðir en sú lína er afar breið," segir Hafsteinn Hilmarsson, rekstrar- og sölustjóri hjá Glerborg. PVC-u gluggar eru viðhaldsfríir, fallegir í útliti og með sérstaklega góðri einangrun sem bæði dregur úr hávaða og lækkar orkureikning heimilisins. „Fólki finnst mikill munur að þurfa ekki að bera á gluggana, skrapa og slíkt heldur er nóg að skola öðru hverju af þeim. Þá eru þéttingarnar á opnanlegu fögunum tvöfaldar og K-gler í öllum gluggum sem er hitaeinangrandi. Þá getum við boðið upp á allar gerðir af gleri í þessa glugga, hvort sem fólk er að leita að gleri sem dempar sólarljósið eða speglar. Rúðurnar í gluggunum okkar eru einnig gasfylltar sem eykur einangrunina verulega."

Í PCV-u línunni er meðal annars hægt að fá svokallaða „Nordic design" glugga sem líkjast hefðbundnum trégluggum í stærð og útliti. „Planið hjá okkur er að vera með mjög breiða línu í PVC-u vörum og við ætlum meðal annars að bjóða upp á girðingar og pallaefni í þessari línu og jafnvel þakskegg er fram líða stundir. En þá má ekki gleyma að við erum líka með ódýrari línu af gluggum og hurðum sem eru úr þýskum prófíl sem framleiddir eru hérlendis og erlendis," segir Hafsteinn.

Hafsteinn nefnir ýmislegt fleira sem í boði er hjá Glerborg. „Við erum meðal annars með útidyra- og svalahurðir með fimm punkta læsingu þar sem fimm pinnar ganga út í falsið í staðinn fyrir þessa hefðbundnu einu læsingu í tréhurðum. Hurðin verður þá líka mun þéttari og er vatns- og vindheld."

Með haustinu stendur til að endurnýjaður sýningarsalur Glerborgar verði opnaður og Hafsteinn hvetur þá sem eru í einhverjum hugleiðingum að koma við hjá þeim og fá upplýsingar. „Við gerum verðtilboð og á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni bjóðum við upp á að koma og mæla fyrir gluggum og bjóðum jafnframt upp á uppsetningu. Það eru ýmsir möguleikar í boði, ekki síst til að stækka og nýta betur rými, með svalalokunum og gluggum."

Þess má geta að Glerborg er í Dalshrauni 13 í Hafnarfirði.

## NORDIC GLUGGINN



**Nordic gluggin**n frá Glerborg er upprunalega hannaður fyrir danskan markað en er nú vinsæll um alla Skandinavíu og í norðurhluta Þýskaland. Í gluggann er notaður 120 millimetra djúpur PVC-u prófíll og möguleiki á um sautján litum og viðaráferðum. Lausafagið er að fullu innfellt og margar útfærslur af útliti pósta og lamakerfi þar sem ýmsar opnanir bjóðast. Glugginn hentar vel í gömul hús þar sem hægt er að hafa útlitið svipað eða eins og í hefðbundnum gömlum íslenskum trégluggum svo útlit hússins verður eins eftir gluggaskiptin. Þennan gæðaglugga má skoða í sýningarsal Glerborgar að Dalshrauni 13.



## HESTHÚSAHURÐIR

**Á Landsmóti** hestamanna í Skagafirði 26. júní til 3. júlí síðastliðinn voru sýndar hesthúsahurðir frá Glerborg við góðar undirtektir gesta. Í hurðirnar var notaður 70 millimetra Tyssenprófíll og nýtt opnunar- og lokunarkerfi sem er sérstaklega hannað fyrir hesthúsahurðir.




PVC-u GLUGGAR, HURÐIR OG GLER

Á Íslandi er síbreytileg veðrátta alþekkt. Þess vegna ættu Íslendingar að velja vandaðar byggingavörur sem standast erfið veðurskilyrði og krefjast lágmarks viðhalds. Komdu við á söluskrifstofu okkar að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði og fáðu tilboð **þér að kostnaðarlausu**.Við bjóðum upp á greiðsluskilmála við allra hæfi.

GLERBORG

Dalshraun 13 • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 0000 • www.glerborg.is

## GLUGGAÞVOTTUR



**Á vefsíðunni allir.is** eru eftirfarandi leiðbeiningar um gluggaþvott. Fáið ykkur gluggasköfu, tusku og setjið sítrónuuppþvottalög í heitt vatn í fötu. Byrjið að þvo yfir gluggann með blautri tuskunni, rennið svo sköfunni yfir; byrjið efst í vinstra horni með sköfuna í lóðréttri stöðu efst upp við vinstri gluggakarminn. Dragið sköfuna þvert yfir gluggann, rennið síðan efri brúninni á sköfunni niður með hægri gluggakarmi og farið til baka. Endurtakið þetta. Farið á þennan hátt niður gluggann án þess að lyfta upp sköfunni. Það er til að losna við rákir og dropa. Rennið loks tuskunni eftir gluggakistunni til að þrífa vökvann neðst.


Við málum og /eða glerjum eftir óskum.





Hurðir frá okkur afhendast allar með skrám, húnum og lömum.



Einnig önnumst við alla sérsmíði eftir óskum viðskiptavina.



Við kappkostum að velja aðeins **gæðaefni** til framleiðslunnar.

SB GLUGGA - OG HURÐASMIÐJA
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 565 4151
Fax: 565 4150 • sbgluggar@sbgluggar.is • www.sbgluggar.is



Kjarni málsins
Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is





AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is




„Við erum mjög vel vélvæddir fyrir okkar framleiðslu," segir Jónas Sigurðsson framkvæmdastjóri. MYND/HAG

# Vara sem stenst veðurálag

**Íslenskt veðurfar krefst óvenju vandaðra hurða og glugga. Það eru starfsmenn Glugga- og hurðasmiðju SB við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði með á hreinu. Þeir framleiða vöru sem hentar vel áveðurs.**

Okkar sérstaða felst meðal annars í því að við getum boðið upp á tvöfaldar þéttingar í fögum ef fólk vill það. Víða veitir ekkert af því í okkar landi. Einnig framleiðum við hljóðeinangraðar hurðir sem þola betur vindþrýsting og veðurálag en almennt gerist," segir Jónas Sigurðsson, framkvæmdastjóri Glugga- og hurðasmiðju SB sem sérhæfir sig í timburgluggum og hurðum. Fyrirtækið hefur þróað vöru sína að viðurkenndum stöðlum um smíði húsa við íslenskar aðstæður. „Við framleiðum eftir pöntunum fyrir einstaklinga, byggingariðnaðinn, ríkisstofnanir og sveitarfélög – já bara hvern sem er," segir Jónas.

Glugga- og hurðasmiðja SB er rótgróið fyrirtæki, stofnað þjóðhátíðarárið 1974 af Sigurði Bjarnasyni, föður Jónasar. „SB í fyrirtækisnafninu stendur fyrir Siggi Bjarna," segir Jónas. Hann upplýsir að starfsmenn séu tíu nú um stundir. „Verkefnin undanfarin misseri hafa aðallega snúist um endurnýjun hurða og glugga en það hefur verið rólegt í nýsmíðinni síðan hrunið varð haustið 2008," segir hann.

Spurður hvort fyrirtækið hafi ekkert snúið sér að öðrum smíðum í kreppunni, svarar Jónas ákveðinn. „Nei, við kunnum þetta og þess vegna ætlum við að halda okkur við það. Erum mjög vel vélvæddir fyrir okkar framleiðslu, með nýlegar, tölvustýrðar vélar og allt frá stofnun fyrirtækisins hefur megináhersla verið lögð á fagleg vinnubrögð og vöruvöndun."

# Hámarks ljósop og birta

**Faris ehf. selur Velfac-glugga sem hámarka ljósop og skila sem mestri birtu inn í híbýli.**

Faris ehf. flytur inn Velfac-glugga frá Danmörku. Hver gluggi er sérsmíðaður og hentar því bæði í nýbyggingar og eldri hús. Þá er mikið um að fólk skipti pöntun í tvær til þrjár afhendingar til að skipta kostnaði eftir framkvæmdahraða.

„Um er að ræða svo til viðhaldsfría ál/trélugga sem eru málaðir eftir óskum kaupenda. Höfuðáhersla Velfac er á að hámarka ljósopið og skila sem mestri birtu inn í húsið," segir Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri Faris. Ýmsar samsetningar eru fyrir hendi og opnanlegar lausnir margar, en enginn munur er á opnanlegum gluggum, svalahurðum og rennihurðum sem gefur fallegan heildarsvip. Sigurður segir Velfac leiðandi í gluggahönnun. Það hefur hlotið fjölda viðurkenninga og vinnur mikið með tækniskólum og hönnuðum.

Sigurður segir nýja útgáfu, Velfac Helo, væntanlega á næstu vikum. Hún gefur arkitektum nýja valkosti í hönnun. Hún er framleidd úr koltrefjum og kemur í enn stærri einingum en fyrir eru. „Þessi útgáfa mun því henta vel í margar nýbyggingar og er auðvelt að púsla henni saman við eldri gerðir af Velfac-gluggum enda er sama kerfi á þeim öllum."

Sigurður segir Velfac góðan kost fyrir þá sem vilja skipta út gluggum fyrir nýja og eru form og útlitsmöguleikar óþrjótandi. Gluggarnir eru allir með 24 millimetra gleri sem uppfyllir byggingarreglugerðir og gott betur og standast auk þess innbrots- og öryggisprófanir með prýði. Sigurður segir Velfac-glugga á hverju strái í nýjum hverfum. Þá er auk þess víða að finna í háhýsum, stofnana- og skólabyggingum.



Gluggarnir, sem eru úr tré, eru klæddir með áli. MYND/HAG

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.






Pétur Hans Pétursson við PRO TEC-glugga frá BM Vallá. MYND/ANTON

# Gluggar eru ekki bara gler

**PRO TEC-gluggarnir frá BM Vallá eru viðhaldslitlir og hafa reynst ákaflega vel við íslenskar aðstæður. Ytri hluti glugganna er úr áli en innri hluti úr timbri og hægt að fá timbrið sprautulakkað í öllum litum og einnig er hægt að fá mahóní eða eik.**

Protec-gluggarnir henta fyrir allar gerðir nýrra húsa en ekki síður fyrir eldri gerðir húsa þar sem skipta þarf um glugga og er auðveldlega hægt að útfæra útlit glugganna í bæði gömlum og nýjum stíl," segir Pétur Hans Pétursson forstöðumaður sölu- og markaðssviðs BM Vallár.

„Þetta er ekki stöðluð framleiðsla. Verksmiðjan getur útfært flestar þarfir viðskiptavinarins eftir óskum hvers og eins varðandi útlit, stærð og þykkt á körmum og póstum og búnaði. Protec-gluggarnir henta í allar gerðir húsnæðis, íbúðarhús, sumarhús, iðnaðarhús, hótel og skóla," segir Pétur Hans.

„Gluggar eru meira en bara gler," segir Pétur Hans. „En það er að mörgu að huga við val á gluggum hvað varðar allar lausnir og búnað og hvað þarf að uppfylla hvað varðar byggingareglugerð. Við teljum okkur góða í að benda á skynsamlegar lausnir viðskiptavinum til hagsbóta. Það þarf að huga að opnunarbúnaði, lömum, handföngum, deililausnum á hornum og samskeytum og þéttingum," segir hann og tekur fram að hægt sé að fá alls konar opnunarlausnir. „Gluggarnir okkar eru með nettum körmum, en þannig er ljósop gluggans hámarkað. Ljósið sem getur flætt inn um gluggana er því mjög mikið," segir Pétur Hans.

Á gluggunum er tíu ára framleiðsluábyrgð enda leggur BM Vallá mikla áherslu á þjónustu. Fyrirtækið fylgist með því að gluggarnir séu rétt í settir og allt gert samkvæmt bókinni. Gluggunum er sem sagt fylgt eftir að sölu lokinni.

Allir gluggar frá PRO TEC eru með háeinangrandi gleri, bæði hvað varðar einangrunargildi og hljóðvist. „Á tímum þar sem orka hefur hækkað í verði hér á Íslandi þá þurfa Íslendingar að hugsa meira um að nota byggingarefni sem er orkusparandi," segir Pétur Hans. „Við bjóðum upp á gasfyllt einangrunargler sem er um leið misþykkt, en slík tækni eykur til muna góða hljóðvist."

PRO TEC er framleitt í Danmörku og hefur verið á markaði á Íslandi frá 1993 og er því komin góð reynsla á gluggana við íslenskar aðstæður. „Við hjá BM Vallá bjóðum heildarlausnir við byggingu húsa að nokkru leyti þegar kemur að staðsteyptum húsum eða Smellin einingarhús. Fólk velur í síauknum mæli að geta klárað pakkann með góðum tré-/áluggum hjá einum aðila þegar kemur að vali við kaup á húsum," segir Pétur Hans að lokum.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.bmvalla.is.



PRO TEC hentar líka í einbýlishús í funkís stíl.


pro | tec windows

## Gluggar eru ekki bara gler

Veldu háeinangrandi PRO TEC glugga sem spara orku

**BM Vallá býður vandaðar gluggalausnir** frá PRO TEC í Danmörku. Gluggarnir eru úr áli og tré og henta vel fyrir íslenskar aðstæður en hér er meira vind- og slagregnsálag en þekkist í flestum löndum. Glerið er háeinangrandi sem lækkar hitunarkostnað og sparar orku. Hver gluggi er sérsmíðaður eftir óskum viðskiptavinar um stærð, lit og lögun. Skoðaðu PRO TEC á bmvalla.is







Kynntu þér PRO TEC hjá BM Vallá áður en þú velur glugga. Það gæti borgað sig.



BM·VALLÁ

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. kl. 8–18

bmvalla.is

## RENNIHURÐIR

**Gluggar ehf.** hafa á undanförnum ár selt talsvert af hurðum og hurðarfrontum. „Rennihurðirnar hafa verið mjög vinsælar á síðustu árum, til dæmis hjá fólki með sólpalla sem vill stækka og opna út stofuna sína,“ útskýrir Eyþór Jósepsson, hjá Gluggum ehf., og getur þess að hurðirnar séu hannaðar í samstarfi við belgíska fyrirtækið Reyners. „Og allt búið til með íslenskar aðstæður í huga, bæði sterkt og viðhaldsfrítt,“ tekur hann fram.



Þess má geta að Gluggar ehf. eru einnig með til sölu handrið. „Þetta er frábært kerfi, svona eins og mekkanó og hver sem er getur sett þau upp. Þau geta verið með pílum, gleri, nú eða lokuð með plötum.“



## SVALALOKANIR OG SÓLSKÁLAR

**Gluggar ehf.** bjóða gott úrval í svalalokunum. „Við bjóðum allar lausnir, allt frá svalaskjólum með einföldu gleri og rifu á milli og upp í svalalokanir með tvöföldu gleri. Eini gallinn er að lausnirnar eru svo margar, að fólk á stundum erfitt með að velja á milli,“ segir Eyþór Jósepsson, hjá Gluggum ehf., og hlær dátt. Hann bendir enn fremur á að þegar til standi að byggja yfir svalir eða útbúa sólskála jafnist fátt á við álprófíla. „Ál er bara best.“



„Þar sáum við um allt – glugga, klæðningar og fleira,“ hefur Eyþór að segja um aðkomu Glugga ehf. að vinnu á Kaaber-húsinu. MYND/VILHELM

# Fjölbreytt verkefni um allt land

**Gluggar ehf. taka að sér fjölbreytt verkefni um land allt. Allt frá heildarlausnum í heilar íbúðablokkir og skrifstofubyggingar, að einstökum glugga- eða hurðaeiningum.**

Gluggar ehf. sérhæfa sig í framleiðslu og sölu á gluggum, hurðum, svalalokunum, veggjaeiningum og fleiru úr áli. Álið varð ofan á eftir að eigendur fyrirtækisins, Eyþór Jósepsson og Úlfar Arason, könnuðu til hlítar hvaða efni hentaði best við íslenskar aðstæður.

„Þegar við fórum að þreifa fyrir okkur urðum við þess áskynja að hérlendis vilja menn helst viðhaldsfríar og sterkar lausnir sem henta síbreytilegu veðurfari. Þannig kom álið til sögunnar. Það var ótvíræður sigurvegari,“ rifjar Eyþór upp.

Einn helsti kostur álsins er þó óupptalinn að hans sögn. „Álið má útfæra á alls konar vegu og það hentar því í allt frá einbýlishúsum og upp í háhýsi. Höfðatorgsturninn er eitt þekktasta stórverkefnið okkar og sýnir vel hvers megnugt fyrirtækið er. Enda tökum við að okkur öll verkefni, stór og smá.“

Eyþór tekur fram að þótt megináhersla sé á ál þá bjóði fyrirtækið fleiri tegundir, til dæmis áltréglugga og timburglugga með álklæðningu að utanverðu.

Tólf fastir starfsmenn eru hjá fyrirtækinu við hönnun og framleiðslu og á álagstímum mun fleiri, til dæmis við uppsetningu eða fullfrágang. „Við getum klárað utanhúsverk frá a til ö. Kaaberhúsið er dæmi um slíkt en þar sáum við um allt, glugga, klæðningar og fleira,“ útskýrir Eyþór.

Hann getur þess að Gluggar ehf. séu umboðsaðili á Íslandi fyrir prófílaframleiðandann Reynaers í Belgíu. Eins er fyrirtækið með umboð fyrir Jaga sem er líka í Belgíu. Jaga framleiðir vatnsofna, loftræstingu til húshitunar ásamt stjórnun á loftskiptum húsa. „Að hafa gluggasmíðina, uppsetninguna og svo hitun og loftskipti húsa á einni hendi hefur sífellt verið að aukast og gefist vel,“ segir hann.

Hann bendir á að ofnar með blæstri henti mjög vel til dæmis í hús með stórum gluggum sem töluverðan kulda nú eða hita getur lagt frá. „Þá næst mun betri stjórnun heldur en með gólfhitanum einum saman. Margir sjá þann kost að slá tvær flugur í einu höggi með kaupum á álgluggum og ofnum af þessu tagi enda útkoman góð.“



„Höfðatorgsturninn er eitt þekktasta stórverkefnið okkar og sýnir vel hversu megnugt fyrirtækið er,“ segir Eyþór Jósepsson, annar eigenda fyrirtækisins Gluggar ehf. MYND/VILHELM



# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

### Íbúð til leigu í 101

3 herb. íbúð 77fm. Uppþvottavél og þvottavél fylgir. Merkt stæði í bílakjallara. Laus strax. Uppl. í síma 772 6238.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 45þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 14.

30 fm herb/eldh með aðg að baði til leigu í vesturbæ Kóp. Reyklaus, helst kvk. Uppl í s.8636820

### Ódýr gisting

Fallegar hótel íbúðir í Hafnarf. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

Frá næstu mánaðarmótum er til leigu 45 m2 íbúð í Garðabæ. Íbúðin er á jarðhæð með sérinngangi, og skiptist í litla forstofu með skáp., snyrting með sturtu, einföld eldhúsinnrétting með nauðsynlegustu tækjum. Góður klæðaskápur. Aðstaða er fyrir þvottavél. Leigist með rafmagni og hita ásamt nettengingu. Leiguupphæð á mánuði 80 þús. kr. Áhugasamir sendi nafn og upplýsingar á geirien@internet.is

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast á veitingahúsið Durum, Laugavegi 24. Ekki yngri en 18 ára koma til greina. Upplýsingar veittar á staðnum á milli kl. 15-17.

Vanan mann vantar á hjólbarðaverkstæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Barðinn Hjólbarðaverkstæði, Skútuvogi 2. Sími 568 3080.

Óskum eftir manni með minni vinnuvéla réttindi. Upplýsingar í síma 615 0857 Park ehf.

Starfsmaður óskast til afgreiðslu og þjónustu á kaffihús. 25 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Kaffihús Sandholt óskar eftir starfsfólki í hluta- og fullt starf. Starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi. Hafa samband við Lísu 659-3439.

Veitingahús á Laugarvatni óska eftir starfskrafti í sal og eldh. Sumarvinna uppl. 6969696.

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Sumar útsalan er hafin. 40-70% afsláttur. HLYNUR-MAPLE. Gjafir verslun Asía vöru. Laugavegi 100, 101 Rvk.


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

**OPIÐ HÚS Í DAG milli 18.00 og 19.00.**

**AÐ VÆTTABORGUM 85, 112 Rvík.**




Glæsilegt parhús á tveimur hæðum með bílskúr á frábærum stað í Grafarvogi. Gengið inn á 1.hæð. Þar er bílskúr, forstofa, gestasnyrting, hol, eldhús, svefnherbergi og stofa. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol og svalir. Vandað hús við lokaðan botnlanga. Falleg og vel frágengin lóð með pöllum og geymsluskúr. Stutt í verslun og þjónustu, skóla og gólfvöll. Laust strax. **VERÐ 49,9 MILLJ.**

**Tekið er á móti áhugasömum milli kl: 18 og 19.00 í dag.**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090


Adakris UAB útibú á Íslandi óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga

# smiðir óskast



Óskum eftir smíðagengi til lengri og skemmri tíma. Þurfa að geta byrjað strax.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 844-5166 eða olafur@adakris.is Einnig er hægt að fá frekari upplýsingar í síma 5 100 300.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

ADAKRIS
Skútuvogi 1G | 104 Reykjavík | s. 5 100 300

ÍSFROST
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

## Kælivirki

Ísfrost ehf auglýsir stöðu kælivirkja.
Starfið felst í viðgerðum á kælivélum, uppsetningu og smíðum á kerfum.

Óskað er eftir vélvirkja eða aðila vönum vélaviðgerðum. Rafmagnskunnátta þarf að vera til staðar. Menntun er kostur en þó ekki skilyrði.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt við bilanagreingu og viðgerðir á kæli og frystibúnaði ásamt uppsetningu og þjónustu á kæli og frystikerfum. Leitað er eftir duglegum og jákvæðum starfsmanni til framtíðarstarfa.
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á netfangið jon@isfrost.is fyrir **25. júlí**. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ÍSFROST
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

## Bifvélavirki

Ísfrost ehf auglýsir stöðu Bifvélavirkja við vélasvið.
Starfið felst í viðgerðum á diesel drifnum kælivélum, uppsetningu og smíðum á kerfum.

Óskað er eftir Bifvélavirkja eða aðila vönum vélaviðgerðum. Rafmagnskunnátta þarf að vera til staðar. Menntun á sviði vélaviðgerða er kostur en þó ekki skilyrði.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt við bilanagreingu og viðgerðir á dieseldrifnum kælivélum. Leitað er eftir duglegum og jákvæðum starfsmanni til framtíðarstarfa .
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á netfangið jon@isfrost.is fyrir **25.júlí**. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

# Nú þurfum við að bæta við okkur fólki

## Kokkur

Við leitum að lærðum kokki sem hefur mikinn áhuga á heilsusamlegu mataræði. Hann þarf að geta unnið sjálfstætt, vera jákvæður og metnaðarfullur og eiga auðvelt með að umgangast okkur í eldhúsinu.

## Eldhússtarfskraftur

Við leitum að hörkuduglegum og reyndum eldhússtarfskrafti sem hefur mikinn áhuga á heilsusamlegu mataræði. Hann þarf jafnframt að geta unnið sjálfstætt, vera jákvæður og metnaðarfullur og eiga auðvelt með að umgangast okkur í eldhúsinu.

Við bjóðum spennandi starf, góðan móral, grænan djús, kærleika og guðdómlegan mat fyrir réttu manneskjuna. Ef þú hefur áhuga, endilega hafðu samband.

Nánari upplýsingar gefur Elías Guðmundsson í síma 770 2212 eða í netfanginu elli@samsara.is. Umsóknir sendist á elli@samsara.is.

Glō · Listhúsinu Laugardal · Engjateigi 19 · 104 Reykjavík · sími 553 1111 · www.glo.is
Opnunartími: Virka daga 11-20 · laugardaga 11-15

glō RESTAURANT

# Útboð

## Dalshraun 5, Hafnarfirði

Húsfélagið Dalshrauni 5 óskar eftir tilboðum í viðgerðir og viðhald utanhúss.

**Helstu verkþættir og magntölur eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Þak: | Ný þakklæðning: | 315 m² |
| Gluggar: | Ný opnanleg fög | 42 stk |
| | Endurnýjun glers | 36 m² |
| | Málun glugga | 1070 lm |
| Veggir: | Hreinsun og kústun flata | 255 m² |
| | Málun veggja | 487 m² |

Verklok viðgerða 28. október 2011.
Verklok málunar 1. júní 2012.
Gögnin verða afhent á vefnum: http://strendingur.is.

*Tilboð verða opnuð hjá Strendingi ehf verkfræðiþjónustu, Fjarðargötu 13-15, fimmtudaginn 4. ágúst kl. 14:00.*

Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**79** **ERRÓ MYNDLISTARMAÐUR** er 79 ára.
*„Mínar bestu minningar eru í framtíðinni.“*





†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðríður Káradóttir**
Grænlandsleið 30, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 13. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jónas Jónsson**
**María Jónasdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Arnar Jónasson** **Jóhanna Karitas Traustadóttir**
**Daníel Snær, Elísabet Mjöll, Davíð Eyfjörð.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Þ. Finnsdóttir**
frá Flateyri, Rauðalæk 41 í Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 6. júlí sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 20. júlí kl. 13.

**Grímur Þ. Sveinsson**
**Finnur Torfi Magnússon** **Þórunn Erhardsdóttir**
**Steinþór Bjarni Grímsson** **Sigurbjörg Lóa Ármannsdóttir**
**Sveinn Víkingur Grímsson**
**Sigurveig Grímsdóttir** **Kristinn R. Sigurðsson**
**barnabörn.**



†

*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bjarney Sigríður Guðmundsdóttir**
frá Hælavík,

lést á Droplaugarstöðum að kvöldi föstudagsins 15. júlí s.l. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristján Ágúst Ögmundsson** **Elín Þórjónsdóttir**
**Lúðvík Baldur Ögmundsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg G. Ögmundsdóttir** **Snæbjörn Ó. Ágústsson**
**Jóhann Sigurður Ögmundsson**
**Kristinn Bjarni Ögmundsson** **Auður Hreinsdóttir**
**Þorteinn H. Ögmundsson** **Sigríður E. Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa*

**Sigmundar Sigurgeirssonar**
Hnotubergi 21, Hafnarfirði.

Við viljum þakka öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans og þá sérstaklega starfsfólki deildar 11 G á Landspítalanum.
Guð blessi ykkur öll.

**Guðný Guðnadóttir**
**Ingigerður Sigmundsdóttir** **Sighvatur Kristjánsson**
**Sigurgeir Sigmundsson** **Kristín Arnarsdóttir**
**Ólafur Þór Sigmundsson** **Asefash Berhanu**
**Margrét Sigmundsdóttir** **Helgi Ásgeir Harðarson**
**Guðni Markús Sigmundsson** **Sólveig Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigfús Jónasson**
kranamaður
Holtateigi 18, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 13. júlí sl. í faðmi fjölskyldunnar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna. Fjölskylda Sigfúsar vill færa sérstakar þakkir fyrir kærleiksríka umönnun til starfsfólks Einihlíðar, Sjúkrahússins á Akureyri og Heimahlynningar.

**Sigurveig María Sigvaldadóttir**
**Friðrik Sæmundur Sigfússon** **Unnur Arnsteinsdóttir**
**Jónas Sigurþór Sigfússon** **Jórunn Karlsdóttir**
**Halldór Jóhann Sigfússon** **Hanna Lára Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur og faðir okkar,*

**Jón Pétursson**
eðlisfræðingur,

lést sunnudaginn 17. júlí síðastliðinn á Landspítala.

**Anna Stefánsdóttir**
**Halldóra Jónsdóttir**
**Halldóra Jónsdóttir**
**Dofri Jónsson**
**Dagbjört Jónsdóttir**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Björn Stefánsson**
flugumsjónarmaður
Hlíðarbyggð 29, Garðabæ,

sem lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 14. júlí, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 22. júlí kl. 13.

**Hrefna Jónsdóttir**
**Ragnheiður Kristín Björnsdóttir** **Elís Kjartansson**
**Berglind S. Björnsdóttir**
**Stefán Þór Björnsson** **Elfa Dögg Finnbogadóttir**
**Jón Ingi Björnsson** **Hugrún Valtýsdóttir**
**Hrafnhildur Stefánsdóttir Cummings**
**Páll M. Stefánsson** **Jóhanna Hauksdóttir**
**barnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Hólmfríður Kristjana Eyjólfsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, miðvikudaginn 13. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 19. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Eyjólfur Jónsson** **Vilborg Guðmundsdóttir**
**Björg Jónsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Magnús Jónsson** **Margrét Berta Þórisdóttir**
**Einar Jónsson** **Jensína Ragna Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ELDHUGARNIR FJÖRUTÍU** Frá stofnfundi Vöku í Villingaholtshreppi.

UNGMENNAFÉLAGIÐ VAKA: 75 ÁRA

## Sömu markmiðin nú og þá

Ungmennafélagið Vaka í Villingaholtshreppi er 75 ára í dag. Félagið ber nafn með rentu þar sem ungt fólk heldur uppi starfseminni. Félagið hefur verið brautryðjandi í félagslífi sveitarinnar og hvert einasta ungmenni sem þar hefur alist upp hefur tekið þátt í einhverjum störfum þess. „Í rauninni eru þetta sömu grundvallarmarkmiðin sem félagið hefur nú og fyrir 75 árum,“ segir Guðmunda Ólafsdóttir, formaður félagsins. „Markmiðið er að halda uppi félagslífi í sveitinni og iðka íþróttir. Hins vegar er meiri markaður fyrir afþreyingu núna heldur en hérna áður fyrr. Þar sem við búum svo nálægt Selfossi eru margir sem sækja þangað í afþreyingu og íþróttir. Hér áður fyrr voru samverustundir fólks í félagsheimilinu einu menningarviðburðirnir sem það hafði,“ segir Guðmunda og á þar við félagsheimilið Þjórsárver, sem var byggt í sjálfboðavinnu á sínum tíma og svo vígt árið 1959.

Á stofnfundinum 19. júní árið 1936 voru 40 manns en í dag eru félagsmenn 134 talsins. Íþróttir og menningarlíf eru viðamiklir þættir í starfinu. „Við erum helst í frjálsíþróttum og glímu. Við erum það fá að við náum ekki að stofna nein lið og þeir sem stunda hópíþróttir gera það á Selfossi,“ segir Guðmunda.

Vaka hélt ótrautt áfram starfsemi sinni sem sjálfstætt félag þó að Villingaholtshreppur hafi sameinast Gaulverjabæjarhreppi og Hraungerðishreppi undir nafninu Flóahreppur árið 2006. „Þetta er náttúrulega að breytast með nýrri kynslóð. Nú eru til krakkar sem muna ekkert annað en að þetta hafi alltaf verið Flóahreppur en eldra fólkið er jú alltaf úr Villingaholtshreppi og verður það áfram. Ungmennafélögin þrjú eru líka farin í meira samstarf. Sumir krakkarnir eiga erfitt með að skilja að þeir séu óvinir á íþróttavellinum á meðan þeir eru saman í skóla,“ segir Guðmunda.

Þó að hreppparígurinn eigi kannski undir högg að sækja er mikill eldhugur í Ungmennafélagi Villingaholtshrepps. Félagið stendur fyrir fjölmörgum skemmtunum, ferðalögum og samkomum. Síðastliðinn sunnudag fór félagið í fjallgöngu og á ári hverju heldur það stóra skötuveislu sem mettar tvö hundruð manns. „Félagið ætlar ekki að halda neina afmælisveislu í þetta skiptið af því svo stutt er síðan stórveisla var haldin á 60 ára afmælinu. En við ætlum að gefa út afmælisrit síðar á árinu, flott blað með alls konar umfjöllun um störf félagsins,“ segir Guðmunda. **nielsg@365.is**



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Hinriksdóttir**
Skjóli, áður Skólavörðustíg 22a,

andaðist 11. júlí 2011. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju 21. júlí kl. 13.00.

**Ásgeir Höskuldsson** **Gyrit Hagman**
**Jóhann H. Þórarinsson** **Sigríður Valdimarsdóttir**
**Andrés H. Þórarinsson** **Ásta B. Björnsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins hjá fólkinu í landinu. Til dæmis lesa rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 72,2% | 60,2% | Fréttablaðið | 75,2% | 61,3% |
| Morgunblaðið | 25,7% | 25,2% | Morgunblaðið | 32,8% | 31,7% |
| DV | 9,9% | 10,6% | DV | 12,4% | 13,0% |
| Fréttatíminn | 48,3% | 36,2% | Fréttatíminn | 53,9% | 40,4% |
| Finnur.is | 27,5% | 20,2% | Finnur.is | 35,3% | 26,6% |
| Monitor | 23,6% | 22,2% | Monitor | 26,3% | 25,0% |
| Viðskiptablaðið | 10,5% | 9,0% | Viðskiptablaðið | 12,0% | 10,2% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** svei, 6. persónufornafn, 8. skammst., 9. gogg, 11. tveir eins, 12. miklu, 14. digurmæli, 16. tveir eins, 17. sönghópur, 18. stykki, 20. mun, 21. þökk.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umdæmis, 3. kringum, 4. skáldsaga, 5. pumpun, 7. tilgáta, 10. yfirgaf, 13. stormur, 15. stöngulendi, 16. kærleikur, 19. tónlistarmaður.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fuss, 6. ég, 8. möo, 9. nef, 11. gg, 12. stóru, 14. grobb, 16. áá, 17. kór, 18. stk, 20. ku, 21. takk.
**LÓÐRÉTT:** 1. léns, 3. um, 4. sögubók, 5. sog, 7. getgáta, 10. fór, 13. rok, 15. brum, 16. ást, 19. kk.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 12 stöðum á Suðurnesjum.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Reykjanesbæ
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

**Allt sem þú þarft**


# Krumpaður löber á veisluborði

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Það vakti nokkra athygli þegar fregnir bárust af því að mögulega þyrfti að grípa til nýrrar gjaldtöku eða að hækka þau gjöld sem fyrir eru til að standa undir vegakerfi landsins. Í ljós hefur komið að í fyrsta skipti í háa herrans tíð stóðu gjöld af bílum og olíu undir vegaframkvæmdum. Og ástæðan kemur ekki til af góðu; skorið hefur verið ótæpilega niður í vegaframkvæmdum.

**Á TÍU** árum margfaldaðist bílaeign Íslendinga. Árið 2004 voru bílar á höfuðborgarsvæðinu á hvern íbúa 33 prósentum fleiri en þeir höfðu verið árið 1995.

Þá var bílaeign í höfuðborginni svipuð og í borgum Vestur-Evrópu. Árið 2004 var hún komin í flokk með því sem gerist í bandarískum borgum. Með óbreyttum ferðavenjum mun bílaumferð á hverjum byggðum hektara aukast um þriðjung fram til ársins 2024. Bílastæðaþörf stofnana og fyrirtækja vestan Kringlumýrarbrautar kallar á 80 milljarða króna framkvæmdir.

**FYRRTALDAR** upplýsingar koma úr fréttaskýringu um almenningssamgöngur sem rituð var rétt fyrir hrun, nánar tiltekið í september 2008. Trauðla hefur aukningin í bílaeign orðið jafn gríðarleg og hún var þar á undan. Engum blöðum er hins vegar um það að fletta að Íslendingar eru bílaþjóð og það kostar sitt.

**KAFLASKIL** þurfa að verða í þessari þróun. Það er einfaldlega ekki hægt að fjölga bílum endalaust og hrópa sig síðan hásan þegar kemur að því að greiða þann kostnað sem hlýst af því að keyra bílana um landið og leggja þeim við áfangastað. Hyggja þarf að öðrum leiðum til að sinna þeirri þörf að komast frá A til B. Hvaða vit er til dæmis í því að það kosti 11 þúsund krónur að taka rútu til Akureyrar? Og annað eins að koma sér til baka. Af hverju er ekki meira hagræði í því að safna fólki saman í einn stóran bíl heldur en það verð sýnir?

**OLÍUVERÐ** er vissulega hátt hér á landi, þó það sé ekki úr takti við það sem gerist í öðrum löndum. Jafnvel ódýrara en annars staðar. Heimsmarkaðsverð á olíu er hins vegar varla að fara að lækka. Því þarf að leita í aðra orkugjafa, líkt og gera á í áætlun um orkuskipti í samgöngum, eða horfa til annarra tekjustofna. Vel má vera að breyta þurfi hlutfalli olíugjalda sem fer til vegaframkvæmda, en það getur ekki verið stóri sannleikurinn í þessu. Verði ekki eitthvað að gert líður vegakerfið fyrir, drabbast niður og endar eins og krumpaður, blettóttur löber í fermingarveislu.

**EÐLILEGASTA** leiðin er einfaldlega að hugsa fararvenjur okkar upp á nýtt. Minnka kostnað almennings við samgöngur við hann kenndan og beita þeim tækjum sem stjórnvöld hafa til að efla þær.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# Fólk

folk@frettabladid.is



29 **NÆSTA PLATA** hljómsveitarinnar Red Hot Chili Peppers, I'm With You, kemur út 29. ágúst. Fyrsta smáskífulag plötunnar er komið í spilun og heitir það The Adventures of Rain Dance Maggie. Þar heyrist í fyrsta sinn í nýjum gítarleikara sveitarinnar, Josh Klinghoffer.

## Kata þykir of grönn



**OF GRÖNN** Mikið er um það skrafað að Katrín sé orðin of grönn og vilja sumir meina að hún þjáist af lystarstoli. NORDICPHOTOS/GETTY

Katrín hertogaynja þykir orðin afskaplega grannvaxin og velta slúðurblöðin því nú fyrir sér hvort stúlkan þjáist af átröskun. Prinsessan heimsótti Bandaríkin nýverið ásamt eiginmanni sínum, Vilhjálmi prins, og var parið myndað hvert sem það fór.

„Hún vildi grennast aðeins í byrjun sumars og hefur aðeins borðað þunnar súpur og bláber síðan í júní. Hún sem eitt sinn var svo heilbrigð á að líta virðist núna vera vannærð," hafði tímaritið Star eftir innanbúðarmanni.

Annars er það helst að frétta af hjónakornunum að fólk er nú farið að bíða eftir erfingja að krúnunni. Filippus prins, afi Vilhjálms, á að hafa látið þau orð falla að besta gjöfin í tilefni níræðisafmæli hans væri ef hann eignaðist barnabarnabarn áður en árið er úti.



**EFNILEG** Elisabeth Moss sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Mad Men.



**SIGURSTRANGLEG** Edie Falco hefur tvisvar áður hlotið Emmy-verðlaunin.

## Fátt kom á óvart í Emmy-tilnefningum

Emmy-tilnefningarnar árið 2011 voru gerðar opinberar fyrir skömmu og var fátt sem kom á óvart í þeim efnum.

Sjónvarpsþættirnir Boardwalk Empire, Dexter, Friday Night Lights, Game of Thrones, Good Wife og Mad Men keppa um verðlaunin sem besti sjónvarpsþátturinn á meðan Big Bang Theory, Glee, Modern Family, The Office, Parks and Recreation og 30 Rock voru tilnefndir sem bestu gamanþættirnir.

Á meðal þeirra leikara sem tilnefndir voru sem bestu dramatísku leikararnir voru Steve Buscemi, Michael C. Hall, John Hamm og Hugh Laurie en íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að þekkja þá flesta. Bestu dramatísku leikkonurnar voru meðal annars Mariska Hargitay, Julianna Margulies og Elisabeth Moss.

Í hópi bestu gamanleikaranna voru Alec Baldwin, Steve Carell, Johnny Galecki og Jim Parsons, en þeir tveir síðastnefndu leika í The Big Bang Theory. Meðal bestu gamanleikkvenna voru Edie Falco, Tina Fey og Laura Linney.



**TILNEFNDUR** Jon Hamm, sem fer með aðalhlutverkið í þáttunum Mad Men, er tilnefndur til Emmy-verðlaunanna í ár. NORDICPHOTOS/GETTY



**MÆÐGUR** Mæðgurnar Ragnhildur Gísladóttir og Bryndís Jakobsdóttir ásamt Mads Mauritz, kærasta Bryndísar.

## FJÖLMENNI Í GARÐVEISLU

**Sólin skein skært á íbúa höfuðborgarsvæðisins um helgina. Stuðmaðurinn og miðborgarstjórinn Jakob Frímann Magnússon hefði ekki getað pantað betra veður í hina árlegu garðveislu Félags tónskálda og textahöfunda.**

Veislan var haldin á heimili Jakobs í Þingholtunum en færðist síðan yfir í Hljómskálagarðinn þar sem Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar héldu uppi stuðinu.

Mæðgurnar og söngkonurnar Ragnhildur Gísladóttir og Bryndís Jakobsdóttir voru sumarlegar. Gestgjafinn Jakob Frímann naut sín sömuleiðis vel með sólgleraugun á nefinu. **- áp**



**HLUSTAÐ Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM** Popparnir Andri úr Leaves, Kjartan úr Ampop, Pétur Ben og Elís úr Jeff Who skemmtu sér vel á tónleikunum í Hljómskálagarðinum.



**KOKTEILL ÚR KÚLU** Gestgjafinn Jakob Frímann Magnússon naut sín vel. MYND/ÁSAOTT



**TÓNLISTARFÓLK** Samúel Jón Samúelsson, Kristín Bergsdóttir og Jón Ólafsson brostu breitt í sólinni.


LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is



Ertu með frjókornaofnæmi?
Virkar innan 15 mínútna.

Fyrir þig í Lyfju

Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


## Kim Kardashian giftist í ágúst

Kim Kardashian ætlar að bjóða 1.000 gestum hið minnsta í brúðkaup sitt og Kris Humphries. Parið hefur ákveðið að festa ráð sitt hinn 20. ágúst og ætlar Kim að gera sem allra mest úr brúðkaupinu. „Það er ekki enn komin staðsetning fyrir brúðkaupið, en Kim hefur þegar boðið að minnsta kosti 1.000 gestum og listinn er að stækka. Upprunalega hugmyndin var að hafa brúðkaup á báðum ströndum Bandaríkjanna, en núna vill hún halda eitt risastórt brúðkaup," sagði innanbúðarmaður við tímaritið National Enquirer.

Hin þrítuga Kim vonast einnig til að geta fetað í fótspor Vilhjálms Bretaprins og Katrínar hertogaynju, en hún vill að öll heimsbyggðin fylgist með brúðkaupinu.



**TILVONANDI HJÓN** Kim Kardashian mun giftast körfuboltamanninum Kris Humphries 20. ágúst.

# THULE® SWEDEN

# AFMÆLISTILBOÐ

## TAKMARKAÐ MAGN

# Ferðabox




Pacific 100




Pacific 200




Pacific 500




Pacific 600




Pacific 700

| NÚMER | HEITI | LÍTRAR | LITIR | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐ | ÞÚ SPARAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ~~631100~~ | ~~Pacific 100~~ | ~~370~~ | UPPSELT | ~~59.900~~ | ~~49.900~~ | ~~10.000~~ | UPPSELT |
| 631200 | Pacific 200 | 460 | grátt/svart | 79.900 | 65.900 | 14.000 | |
| ~~631500~~ | ~~Pacific 500~~ | ~~330~~ | UPPSELT | ~~69.900~~ | ~~55.900~~ | ~~14.000~~ | UPPSELT |
| ~~631600~~ | ~~Pacific 600~~ | ~~340~~ | UPPSELT | ~~89.900~~ | ~~79.900~~ | ~~10.000~~ | UPPSELT |
| 631700 | Pacific 700 | 460 | grátt/svart | 97.900 | 85.900 | 12.000 | |

Sjá nánar á: www.stilling.is/ferdabox

Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
Harry Potter og Dauðadjásnin
★★★★ - L.S - ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★ - T.M - THE HOLLYWOOD REPORTER
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
STÆRSTA MYND ÁRSINS! BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN. SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ATTACK THE BLOCK
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ZOOKEEPER
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ TRANSFORMERS
midi.is LÚXUS

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATTACK THE BLOCK | KL. 8 - 10 | 16 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 3 | KL. 5 - 10.15 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 - 7 - 8 - 10 - 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ATTACK THE BLOCK | KL. 10 | 16 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10
Stærsta mynd ársins!
700 KR. ZOOKEEPER
★★★½ T.V. - kvikmyndir.is BRIDESMAIDS 700 KR.
Þriðjudagur er tilboðsdagur.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER - 3D | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |

SAMBÍÓIN
BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN
STÆRSTA MYND ÁRSINS
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ E.T WEEKLY
„MÖGNUÐ ENDALOK" ★★★★ HSS - MBL
„KRAFTMIKILL LOKAHNYKKUR" ★★★★ KA - FBL
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
J.J. ABRAMS STEVEN SPIELBERG SUPER 8

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER LUXUS VIP Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | VIP |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 2D kl. 8 - 11:10 | VIP |
| SUPER 8 kl. 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 5.15 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER (3D) kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON kl. 5:20 - 8 - 11:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER DIGITAL-3D kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| TRANSFORMERS kl. 9 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 5:50 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER 3D kl. 5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 5 - 8 -10.30 | 12 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS kl. 5.45 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 5:45 - 9 | 12 |
| BEASTLY kl. 6 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER kl. 5:10 - 8 - 10.40 | 12 |
| MR POPPER'S PENGUINS kl. 5:40 - 8 | L |
| SOMETHING BORROWED kl. 10.20 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG



**FYLGJAST SPENNT MEÐ** Ragnar Bragason leikstjóri fylgdist einbeittur með tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# HEIMSENDIR ER Í NÁND

**Þessa dagana fara fram í Arnarholti á Kjalarnesi tökur á nýjustu afurð leikstjórans Ragnars Bragasonar, sjónvarpsþáttaröðinni Heimsendi sem verður sýnd á Stöð 2 í haust. Eftir vinsældir Vaktaþátta hans má búast við mikilli eftirvæntingu meðal áhorfenda. Pétur Jóhann Sigfússon og Jörundur Ragnarsson fara með aðalhlutverkin og meðal annarra leikara eru Nína Dögg Filippusdóttir, Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson, Halldór Gylfason og Halldóra Geirharðsdóttir. Heimsendir fjallar um lífið á afskekktri geðdeild árið 1992. Þar eru persónuleikarnir litskrúðugir og stundum má ekki á milli sjá hvort vistmenn eða starfsmenn séu sérkennilegri.**



**HUGAÐ AÐ HÁRI** Pétur Jóhann er með vel blásið hárið í þessari seríu.



**RÆÐA MÁLIN** Það er mikið að skrafa um í pásunum en þættirnir eru teknir upp í Arnarholti á Kjalarnesi.



**BAK VIÐ LINSUNA** Að ýmsu er að hyggja áður en taka getur farið fram og hér er Heimir Sverrisson leikmyndahönnuður eitthvað að bralla í bakgrunninum.



**VISTMENN** Mikið er um litskrúðuga persónuleika í þáttunum.

# Lohan leitar uppi vandræði

Leikkonan Lindsay Lohan vakti ekki mikla lukku meðal starfsmanna Plum Miami Magazine. Lohan mætti í myndatöku fyrir tímaritið en ákvað þó að hætta við að veita þeim viðtal á síðustu stundu. Blaðamaðurinn Jacquelynn Powers ákvað í staðinn að skrifa grein um það sem gerðist á tökustað.

„Þegar við keyrðum upp að anddyri Fontainebleau sat umferðarkeila á miðri heimreiðinni, Lohan skrúfaði niður bílrúðuna og öskraði: „Færið þessa keilu, ég er Lindsay Lohan!“ og því var hlýtt.“

Í greininni segir Powers einnig frá því að Lohan hafi drukkið áfengi á meðan hún talaði um edrúmennsku sína á milli þess sem hún reifst og skammaðist í fólkinu í kring. Lohan viðurkenndi jafnframt að henni hafi þótt leiðinlegt að hún hafi ekki verið boðuð í prufu fyrir kvikmyndina Black Swan. „Hún sagðist hafa æft ballett til nítján ára aldurs og skildi ekki af hverju henni var ekki boðið hlutverk í kvikmyndinni,“ skrifaði Powers.



**ERFIÐ** Lindsay Lohan hætti við viðtal við Plum Miami Magazine á síðustu stundu og lét illa á tökustað. NORDICPHOTOS/GETTY

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




*Allir þekkja vinsælu kanilsnúðana frá Pagens*

# Vanillusnúðar

Við kynnum nýja snúða frá Pagens, frábær biti með kaffinu.

*-þú verður að smakka.*

Pågen



# sport

sport@frettabladid.is



**LANDSLIÐSKONURNAR** Þórey Rut Stefánsdóttir og Rut Jónsdóttir munu spila saman með Team Tvis Holstebro í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta næsta vetur en Þórey lék með þýska liðinu VFL Oldenburg síðasta vetur. „Við höfum fylgst með Þóreyju en hingað til hentaði það ekki vegna menntunar hennar. Nú gengur þetta vel upp, við höfum opið pláss á hægri vængnum og svo skrifaði kærastinn hennar [Einar Ingi Hrafnsson] undir hjá Mors Thy,“ sagði Niels Agasen þjálfari Tvis Holstebro.



**ÞRIGGJA MÁNAÐA** „Hann er voða vær og góður og það hjálpar líka,“ segir Harpa Þorsteinsdóttir um Steinar Karl son sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Harpa aftur heim í Stjörnuna:

## Fótboltinn er bara fíkn

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Harpa Þorsteinsdóttir er búin að klæða sig í takkaskóna að nýju eftir að hafa eignast Steinar Karl fyrir aðeins þremur mánuðum. Harpa ákvað að snúa aftur heim í Stjörnuna en hún hefur verið í Breiðabliki síðustu þrjú sumur.

„Ég er að reyna að koma mér í gang. Það gekk allt mjög vel hjá mér, meðgangan gekk ótrúlega vel og fæðingin ótrúlega vel líka. Maður finnur það mikið sjálfur hvað maður treystir sér í,“ segir Harpa. „Ég á góða fjölskyldu að sem er tilbúin að vera á hliðarlínunni hjá mér,“ segir Harpa og fótboltinn freistar. „Ég get ekki verið frá fótboltanum því þetta er bara fíkn,“ segir Harpa.

Sambýlismaður Hörpu er Jóhannes Karl Sigsteinsson, fyrrum þjálfari Blikastúlkna, sem var látinn fara frá Breiðabliki á dögunum. w„Það hafði áhrif en var ekki úrslitavaldur,“ segir Harpa sem valdi á milli Breiðabliks og Stjörnunnar. „Það er gott að vera komin aftur heim. Þegar Láki hafði samband þá fannst mér það strax freistandi og ef hann heldur að ég geti hjálpað til í toppbaráttunni þá er það mjög spennandi,“ segir Harpa en hún lék 84 leiki með Stjörnunni frá 2002 til 2007. - óój

# Hetja strax í fyrsta leik

**Skotinn Steven Lennon tryggði Fram fyrsta deildarsigur sumarsins í sínum fyrsta leik í Frambúningnum þegar Fram vann 1-0 sigur í Víkinni í gærkvöldi. Fram var án sigurs í fyrstu tíu leikjum sínum og sigurinn var því langþráður.**

**FÓTBOLTI** Það sást langar leiðir að það var mikið undir á Víkingsvelli í gær. Sendingar beggja liða rötuðu sjaldan á samherja og lítið um fallegt spil. Fallsætisliðin virtust bæði hafa farið með baráttuna eina að vopni í leikinn og þurfti dómari leiksins, Vilhjálmur Alvar Þórarinsson, að notast við flautu sína oftar en góðu hófi gegnir.

Eftir nokkuð tíðindalítinn fyrri hálfleik komust Framarar yfir og var markið af klaufalegri gerðinni. Magnús Þormar, markvörður Víkinga, misreiknaði sendingu Arnar Gunnlaugssonar inn fyrir vörnina. Boltinn sveif yfir höfuð hans þar sem Steven Lennon var hársbreidd á undan varnarmanni Víkings í boltann. Fyrsta mark leiksins og draumabyrjun fyrir Skotann í hans fyrsta leik með Fram.

„Þetta var fyrsti leikurinn minn síðan í apríl og gott að komast á blað. Varnarmaðurinn ýtti við mér og ég var næstum því búinn að klúðra færinu. En frábært að sjá boltann í netinu,“ sagði Lennon að leik loknum.

Seinni hálfleikurinn hafði upp á svipað skemmtanagildi að bjóða og sá fyrri. Víkingar reyndu að pressa Framara en gekk lítið að skapa sér færi. Mikið um hálffæri en dauðafæri af skornum skammti. Framarar héldu haus og nældu í stigin mikilvægu.

Menn fóru óhræddir með hausinn á undan í einvígi um boltann á Víkingsvelli í gær. Þrívegis í síðari hálfleiknum þurfti að stöðva leikinn vegna þess að höfuð skullu saman.

„Menn eru tilbúnir að drepa fyrir þetta. Að fá fyrstu þrjú stigin. Menn fórnuðu sér allir fyrir einn í þessum leik. Undir lokin var svolítil pressa á okkur en menn voru tilbúnir að henda sér fyrir þetta. Það sýnir karakterinn hjá okkur. Við gefum ekkert eftir,“ sagði Halldór Hermann Jónsson sem var einn þeirra sem fengu vænt höfuðhögg í leiknum.

Kristinn Jóhannes Magnússon, miðjumaður Víkinga, fannst hans lið eiga meira skilið út úr leiknum.

„Þetta var þannig leikur að þetta var bara barátta. Þetta átti ekkert að vera fallegasti fótbolti í heimi,“ sagði Kristinn.

Framarar eru komnir einu stigi á eftir Víkingum í botnsæti deildarinnar.

„Þetta verður blóðugur bardagi það sem eftir er móts,“ sagði Kristinn og bætti við: „Þetta virkaði kannski þungalamalegt. Við vorum aðeins á eftir í boltann í fyrri hálfleik. Vorum að tapa seinni bolta. En við vorum skárri og grimmari í seinni hálfleik. Svekkjandi að fá þetta mark á sig en mér fannst við reyna að pressa þá á fullu og finna jöfnunarmarkið en það kom ekki,“ sagði Kristinn að lokum. kolbeinntd@365.is



**MIKILVÆGT SIGURMARK** Besti maður vallarins, Halldór Hermann Jónsson, fagnar hér Skotanum Steven Lennon eftir að hann skoraði sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VÍKINGUR 0-1 FRAM**

*0-1 Steven Lennon (43.)*

Víkingsvöllur, áhorf.:1544
Dómari: Vilhjálmur Alvar Þórarinsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–13 (1–4) |
| Varin skot | Magnús 3 – Ögmundur 1 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–24 |
| Rangstöður | 1–2 |

**Víkingur 4–3–3** Magnús Þormar 3 - Þorvaldur Sveinn Sveinsson 4, Gunnar Einarsson 6, Mark Rutgers 5, Sigurður Egill Lárusson 6 - Halldór Smári Sigurðsson 5 (74., Denis Abdulahi -), Kristinn Magnússon 4, Marteinn Briem 5 - Kjartan Dige Baldursson 3, Viktor Jónsson 4, Magnús Páll Gunnarsson 3 (74., Helgi Sigurðsson -)

**Fram 4–3–3** Ögmundur Kristinsson 6 - Almarr Ormarsson 5, Hlynur Atli Magnússon 4, Kristján Hauksson 5, Allan Lowing 5 - ***Halldór Hermann Jónsson 7**, (77., Hólmbert Aron Friðjónsson -), Jón Gunnar Eysteinsson 5, Arnar Gunnlaugsson 6 (61., Orri Gunnarsson 5) - Kristinn Ingi Halldórsson 5, Tómas Leifsson - (17., Andri Júlíusson 6), Steven Lennon 6



**MIKILVÆGUR SIGUR** Þórsarar ætla ekki að gefa neitt eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhann Helgi hetja Þórsara:

## Baráttan skilaði sigurmarkinu

**FÓTBOLTI** Jóhann Helgi Hannesson tryggði Þór mikilvægan 2-1 sigur á Keflavík á Þórsvellinum í gærkvöldi. Jóhann Helgi skoraði sigurmarkið á 87. mínútu eftir frábæra stoðsendingu frá Atla Sigurjónssyni. Hilmar Geir Eiðsson kom Keflavík í 1-0 strax á tólftu mínútu leiksins en Ármann Pétur Ævarsson jafnaði metin fjórtán mínútum síðar.

„Ég var alls ekkert orðinn smeykur þótt þeir hafi verið yfir í baráttunni seinni part leiksins. Við höfum alltaf trú á að við gætum unnið þetta og héldum áfram að berjast og þá yfirleitt kemur sigur hérna heima,“ sagði Jóhann Helgi, hetja Þórsliðsins, og bætti við:

„Maður verður að halda áfram að berjast og það var akkúrat það sem skilaði okkur sigurmarkinu í dag,“ sagði Jóhann. - jsj

## ÚRSLIT Í GÆR

### Pepsi-deild karla

**Þór-Keflavík 2-1**

0-1 Hilmar Geir Eiðsson (12.), 1-1 Ármann Pétur Ævarsson (26.), 2-1 Jóhann Hannesson (87.).
Tölfræðin verður birt í blaðinu á morgun.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **10** | **7** | **3** | **0** | **21-7** | **24** |
| Valur | 11 | 7 | 2 | 2 | 16-6 | 23 |
| **ÍBV** | **10** | **6** | **1** | **3** | **14-9** | **19** |
| Stjarnan | 11 | 5 | 3 | 3 | 20-17 | 18 |
| **FH** | **11** | **4** | **4** | **3** | **23-16** | **16** |
| Breiðablik | 11 | 4 | 3 | 4 | 20-20 | 15 |
| **Fylkir** | **11** | **4** | **3** | **4** | **16-20** | **15** |
| Keflavík | 11 | 4 | 2 | 5 | 14-15 | 14 |
| **Grindavík** | **11** | **3** | **2** | **6** | **14-22** | **11** |
| Þór | 11 | 3 | 2 | 6 | 11-22 | 11 |
| **Víkingur R.** | **11** | **1** | **4** | **6** | **8-15** | **7** |
| Fram | 11 | 1 | 3 | 7 | 7-15 | 6 |

### Pepsi-deild kvenna

**Þróttur-Breiðablik 0-1**

0-1 Greta Mjöll Samúelsdóttir (51.)

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | **9** | **8** | **0** | **1** | **25-6** | **24** |
| Valur | 9 | 7 | 1 | 1 | 23-8 | 22 |
| **ÍBV** | **10** | **6** | **2** | **2** | **18-5** | **20** |
| Þór/KA | 10 | 6 | 1 | 3 | 20-21 | 19 |
| **Fylkir** | **9** | **5** | **1** | **3** | **14-12** | **16** |
| Breiðablik | 10 | 4 | 1 | 5 | 16-18 | 13 |
| **KR** | **9** | **1** | **4** | **4** | **7-11** | **7** |
| Þróttur R. | 10 | 1 | 3 | 6 | 11-21 | 6 |
| **Afturelding** | **9** | **1** | **2** | **6** | **7-23** | **5** |
| Grindavík | 9 | 0 | 1 | 8 | 8-24 | 1 |

**Leikir í kvöld:** Grindavík-Valur, KR-Afturelding og Fylkir-Stjarnan (hefjast allir klukkan 19.15)



**VELKOMINN Í KR** Hrafn og Emil við undirritunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Hrafn Kristjánsson þjálfari KR:

## KR leitar að nýjum leikstíl

**FÓTBOLTI** Bakvörðurinn Emil Þór Jóhannsson gekk í gær frá tveggja ára samningi við KR. Emil hefur verið lykilmaður í liði Snæfells undanfarin tvö tímabil.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, er ánægður með viðbótina. Hann segir að Emil geti fyllt í skarð Pavels Ermolinskij í varnarleiknum og geti enn bætt sig mikið sóknarlega.

„Það er mjög gott að fá Emil inn. Þetta verður svolítið púsluspil hjá okkur. Við misstum að mínu mati þrjá bestu bakverði deildarinnar í fyrra. Þeirra hæfileikar og eiginleikar sköpu okkar leikstíl. Það má búast við því að KR verði að finna sinn stíl fram eftir tímabili,“ segir Hrafn.

KR gekk nýlega frá samningi við Bandaríkjamanninn DeWayne Reed og Hrafn segir að félagið muni bæta við sig Bandaríkjamanni. - ktd

Arnar Grétarsson býst við að Eiður Smári Guðjohnsen skrifi undir samning við AEK í hádeginu:

# Fékk stórstjörnumóttökur á flugvellinum í Aþenu

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fékk sannkallaðar stórstjörnumóttökur á flugvellinum í Aþenu í gær þegar hann kom til Grikklands. Hann mun að öllum líkindum skrifa undir samning við AEK í dag. Um tvö þúsund manns tóku á móti honum á flugvellinum þar sem fólkið söng sigursöngva, hyllti nýju hetjuna sína og kallaði: „Guðjohnsen, Guðjohnsen.“

Arnar Grétarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá AEK Aþenu, flaug með Eiði Smára og föður hans, Arnóri Guðjohnsen, til Grikklands í gær. „Við vorum bara að koma hingað suður eftir og markmiðið er að hann fari í læknisskoðun á morgun [í dag] og ef allt gengur að óskum, sem ég á von á, þá á hann að skrifa undir eftir hádegi á morgun,“ sagði Arnar Grétarsson þegar Fréttablaðið náði í hann í gærkvöldi.

„Auðvitað eru þetta formsatriði en það þarf að klára þau. Maður hefur séð alls konar hluti koma upp en ég er ekki að búast við einu eða neinu. Ég vil ekki segja neitt fyrr en málin eru afgreidd og það er búið að skrifa undir,“ segir Arnar. „Ég á samt von á því að við göngum frá þessu um þrjúleytið á okkar tíma eða um hádegisbilið á Íslandi,“ sagði Arnar sem átti alveg eins von á því að það yrði tekið á móti Eiði eins og þjóðhöfðingja.

„Það er mjög mikill áhugi á komu Eiðs. Þetta eru alveg spes móttökur sem hann er búinn að fá enda átti ég líka von á því. Drengurinn er með mjög flottan feril og er frábær leikmaður. Þetta er því ekkert skrítið,“ segir Arnar en hann sá ekki á Eiði Smára að honum hefði brugðið eitthvað við móttökurnar.

„Ég sat með Eiði í bílnum. Hann hefur örugglega einhvern tímann lent í einhverju álíka en kannski ekki alveg svona. Það er rosalegur áhugi á fótbolta hérna og Grikkirnir eru hálfklikkaðir með þetta. Alltaf þegar koma einhver nöfn þá verður allt hálfbrjálað,“ sagði Arnar. - óój



**TÍUNDA FÉLAGIÐ** AEK verður tíunda atvinnumannfélagið sem Eiður Smári spilar fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN




# flugrútan

# RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

## NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

### Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

| Mán. – lau. | Sun. |
|---|---|
| **04:20** | **04:20** |
| 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 |
| 06:30 | 06:30 |
| 08:00 | 08:00 |
| 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | |
| 21:00 | 21:00 |
| 22:00 | 22:00 |
| 23:00 | 23:00 |

Gildir til og með 31. ágúst.

**50% afsláttur** fyrir morgunhana sem ferðast með 04:20 brottförinni.

VERÐ **975** ~~1950~~ KR. önnur leiðin

Brottfarir frá Umferðarmiðstöðinni til Keflavíkurflugvallar.

VERÐ **1950** KR. önnur leiðin

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

**Alltaf laus sæti!**




EXPO · www.expo.is



Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum

SAF STARFSMENNTA-VIÐURKENNING 2011

Ferðaskrifstofa

Global Passenger Network®

# flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

> **Heath Ledger**

„Ég lifi algjörlega í núinu, ekki í fortíðinni né framtíðinni.“

***Heath Ledger leikur í margrómuðu kvikmyndinni The Dark Knight, sem segir frá Leðurblökumanninum og baráttu hans við hinn útreiknanlega Jóker. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON ER MIKILL AÐDÁANDI JÓNASAR JÓNASSONAR

# *Gott hjá Jónasi að sitja ekki á fjársjóðnum*

Sunnudagssíðdegi er heilög stund á Suður-Spáni. Einungis örgustu dónar eða nauðstaddir menn íhuga að hringja eða trufla fólk með öðrum hætti á þeim tíma. Þetta er stund síestunnar en þar sem ekki var hefð fyrir því að blunda í mínu ungdæmi festi ég sjaldnast blund. Þá tók ég upp á því að leggjast í sófann og hlusta á Gufuna í gegnum internetið, hélt ég myndi kannski sofna ef ég heyrði eitthvað kunnuglegt. En þar sem ég valdi ávallt þætti Jónasar Jónassonar, Sumar raddir, varð ekkert úr svefninum. Þetta eru nefnilega með almerkilegustu þáttum.

Þarna hef ég heyrt gömul viðtöl okkar skemmtilegasta útvarpsmanns við Jón úr Vör, Jón frænda minn Leifs, Guðmund Jaka og annað merkisfólk. Mér er líka minnisstætt viðtal sem hann tók við Vigdísi Finnbogadóttur skömmu eftir að hún varð forseti. Þessi stund síðdegisblundsins varð því strax að hálfgerði hugleiðslu hjá mér. Það lá þung refsing við því að trufla mig á þessum tíma.

Nú þegar ég er kominn heim fæ ég Jónas beint í æð á sunnudagsmorgnum og verður þá konan að taka því þó Jónas læðist uppí svona árla dags. Þegar ég vakna svo úr leiðslunni spyr ég mig jafnan hvernig í ósköpunum standi á því að yfirleitt sé setið á öllum öðrum fjársjóðum RÚV eins og að það væri almenningi óhollt að fá að njóta þeirra? Ég er til dæmis búinn að bíða hálfa ævina eftir því að sjá hið stórkostlega sjónvarpsleikrit Matreiðslunámskeiðið aftur. Ég verð líklega orðinn dauðans matur þegar það verður tekið næst úr ofninum.



## RÚV

**15.15 Gulli byggir** (3:6) (e)
**15.45 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Tóti og Patti** (15:52)
**17.31 Þakbúarnir** (14:52)
**17.43 Skúli skelfir** (49:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (8:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.30 Komdu að sigla** (2:5)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Að duga eða drepast** (33:41) (Make It or Break It)
**20.20 Töframaðurinn** Stuttmynd eftir Reyni Lyngdal um dreng sem beitir töfrum til þess að flýja nöturlegan veruleikann.
**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna.
**21.25 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Winter lögregluforingi – Fagra land - seinni hluti** (2:8) (Kommissarie Winter)
**23.25 Sönnunargögn** (3:13) (Body of Proof) (e)
**00.10 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 The Dark Knight**
**08.35 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**10.00 Something's Gotta Give**
**12.05 Kalli á þakinu**
**14.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**16.00 Something's Gotta Give**
**18.05 Kalli á þakinu**
**20.00 The Dark Knight**
**22.25 Hellboy II: The Golden Army**
**00.20 Factotum**
**02.00 First Sunday**
**04.00 Hellboy II: The Golden Army**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors** (72:175)
**10.10 Monk** (3:16)
**10.55 Wonder Years** (3:23)
**11.20 The Office** (5:6)
**11.50 Burn Notice** (16:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (30:43)
**14.00 American Idol** (31:43)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (19:24)
**19.35 Modern Family** (22:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.00 The Middle** (21:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**20.25 The Big Bang Theory** (16:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (17:24)
**21.15 Bones** (17:23)
**22.00 Entourage** (4:12)
**22.30 Bored to death** (7:8)
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.20 Gossip Girl** (22:22)
**00.05 Off the Map** (6:13)
**00.50 Ghost Whisperer** (18:22)
**01.30 NCIS: Los Angeles** (12:24)
**02.15 Eleventh Hour** (12:18)
**03.00 Nip/Tuck** (6:19)
**03.40 The Last Time**
**05.15 Modern Family** (22:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**18.00 KR - Valur** Útsending frá leik KR og Vals í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.50 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**21.00 Herminator Invitational 2011** Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðagolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**21.45 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**22.15 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
**23.05 Bremen - Anderlecht 1993** Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisverðari. Fyrirfram var búist við jafnri viðureign þar sem varnarleikurinn yrði í hávegum hafður en annað kom á daginn.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.05 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**17.35 Kolumbía - Perú** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.
**19.20 Argentína - Úrúgvæ** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.
**21.05 Brasilía - Paragvæ** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.
**22.50 Chile - Venesúela** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.
**00.35 Undanúrslit** Bein útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.15 Dynasty** (11:28)
**18.00 Rachael Ray**
**18.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (2:5) (e) Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður-Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldin var á síðasta ári. Elen og Ellie hitta fyrrum vændiskonur sem ferðast á milli vændishúsa og dreifa fræðsluefni um HIV sjúkdóminn.
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (25:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 Survivor** (10:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda.
**21.00 How To Look Good Naked** (3:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð.
**21.50 In Plain Sight** (3:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Lögreglumaðurinn Wade vaknar eftir þrjú ár í dauðadái og kemst að því að veröldin er allt önnur en hún var.
**22.35 Parenthood** (11:13) (e)
**23.20 Royal Pains** (11:13) (e)
**00.05 CSI: New York** (5:22) (e)
**00.55 Shattered** (4:13) (e)
**01.45 CSI** (5:23) (e)
**02.30 Smash Cuts** (13:52) (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.10 Golfing World**
**07.00 Opna breska meistaramótið 2011 (1:4)**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights (26:45)**
**19.45 BMW PGA Championship (2:2)**
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights (21:45)**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (151:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Grey's Anatomy** (12:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum eftir að einn úr hópnum veikist alvarlega.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Fairly Legal** (7:10) Kate Reed starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt.
**22.30 Nikita** (18:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem rænir til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**23.15 Weeds** (2:13)
**23.45 Grey's Anatomy** (12:24)
**00.30 The Doctors** (151:175)
**01.10 Sjáðu**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Rætt við Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, tónlistarstjóra Hörpu.
**21.00 Græðlingur** Gurrý fjallar um fjölgun plantna með sumargræðlingum.
**21.30 Svartar tungur** Þingmenn á ferð og flugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.50**
**How I Met Your Mother**

Jennifer Lopez er í gestahlutverki í How I Met Your Mother á Stöð 2 í kvöld. Robin finnst að Barney hefði mátt koma betur fram við hana eftir að þau hættu saman og hyggur á hefndir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2011 **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Firðir **20.00** Leynifélagið **20.30** Sjö dagar sælir **21.28** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **23.05** Útvarpsleikhúsið: Skapalón (Brúðuheimili) **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.30** Deal or No Deal **12.10** Deal or No Deal **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.40** ‚Allo ‚Allo! **17.05** ‚Allo ‚Allo! **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.40** My Family **22.10** Top Gear **23.00** The Graham Norton Show **23.45** QI **00.15** QI **00.45** Little Britain **01.15** My Family

### DR 1

**11.15** Bag kulisserne i Zoo **11.45** Sommertid **12.15** Forandring på vej **12.45** 90'erne tur retur **13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Hammerslag Sommermix **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Miss Marple **21.35** Verdens værste naturkatastrofer **22.20** Blod, sved og T-shirts **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**11.35** Harry - seks år og kokkelærling **12.05** Hvilket liv! **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Svenske hemmeligheter **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Dawn Porter - farlige bryst **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner

### SVT 1

**14.05** Vem tror du att du är? **14.45** Schlagerpärlor **14.55** Sommarkväll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Genom Ryssland på 30 dagar **17.00** Genialt eller galet **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Försvunna **21.00** Svaleskär **21.30** Crossroads **23.05** Rapport **23.10** Sommarmord **23.40** FBI.s historia **00.35** Rapport **00.40** Engelska Antikrundan **01.40** Rapport







**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það toppar ekkert Hlöllabáta, þó að ég fái mér þá nú ekki oft.“*

Magdalena Dubik, fegurðardrottning og söngkona.

# Dúkkulísur á Innipúkanum

„Við verðum þrítugar á næsta ári svo þetta er eins konar upphitun fyrir stórafmælið,“ segir Erla Sigríður Ragnarsdóttir, söngkona Dúkkulísanna.

Hljómsveitin góðkunna ætlar að koma fram á Innipúkanum um verslunarmannahelgina. „Það er nú oft mikið mál þegar við hittumst. Tvær okkar búa á Egilsstöðum og ein í Grindavík, svo það þarf að hóa þessu saman með miklum látum,“ segir Erla Sigríður.

Dúkkulísur voru stofnaðar á Egilsstöðum haustið 1983 og tóku þær þátt í hljómsveitarkeppni Atlavíkurhátíðarinnar árið 1984, þar sem þær lentu í öðru sæti. Sama ár unnu þær Músíktilraunir og kom fyrsta breiðskífa þeirra út árið 1985. Dúkkulísur gáfu svo út aðra breiðskífu, áður en þær tóku sér hvíld árið 1987. Þær hafa þó komið saman við hin ýmsu tækifæri síðan, eða um einu sinni til tvisvar á ári.

Eins og áður kom fram, fagna Dúkkulísur þrjátíu ára afmæli sínu á næsta ári. Erla segir hljómsveitina vera með margar hugmyndir á lofti hvað varðar afmælisfögnuðinn. „Mest langar okkur að búa til bíómynd, það væri virkilega gaman. Annars langar okkur að halda útihátíð í Viðey, kjólauppboð og vinnubúðir fyrir kvennahljómsveitir, þar sem allar íslenskar kvennahljómsveitir fyrr og síðar myndu koma saman,“ segir Erla, og bætir við að allt verði þetta ákveðið að Innipúkanum loknum.

Innt eftir því hvort Dúkkulísur lumi á nýju efni fyrir komandi tónleika, svarar Erla því neitandi. „Ekki núna í ár, en á næsta ári. Ég lofa einu nýju lagi í tilefni afmælisins.“ **- ka**



**ÞRJÁTÍU ÁRA Á NÆSTA ÁRI** Dúkkulísur ætla að spila á Innipúkanum um verslunarmannahelgina. Þær fagna þrjátíu ára afmæli sínu á næsta ári.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Föstudagstónleikar hljómsveitarinnar Quarashi voru vel sóttir enda seldist upp á tónleikana á mjög skömmum tíma. Skemmtistaðurinn Nasa var fullur út að dyrum en tónleikagestir létu þrengslin ekki á sig fá og dilluðu sér í takt við rapptónlistina. Á meðal þeirra sem sóttu tónleikana voru tónlistarmaðurinn **Megas**, listamaðurinn Haraldur Jónsson og fjölmiðlamennirnir og æskuvinirnir **Andri Freyr Viðarsson** og Helgi Seljan. Andri Freyr gæti hafa verið að fagna nýjum sjónvarpsþætti sínum, Andri á flandri, en þátturinn hóf einmitt göngu sína í Sjónvarpinu sama kvöld. **- sm**










**MUNDAR SVERÐIÐ** Björn Jörundur Friðbjörnsson stígur á svið sem hinn alræmdi sjóræningi Langi Jón Silver eða Long John Silver í Gulleyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BJÖRN JÖRUNDUR: ÞETTA VERÐUR STÓRSKEMMTILEG SÝNING

# HLAKKAR TIL AÐ HRÆÐA KRAKKANA Í GULLEYJUNNI

„Þetta verður frábært og ég hlakka mikið til að byrja á þessu verkefni,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson en hann ætlar að fara úr sjómannsgallanum og bregða sér í sjóræningjabúninginn með haustinu.

Björn Jörundur fer með aðalhlutverkið í sjóræningjasögunni Gulleyjunni sem Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson eru búnir að skrifa leikgerð af. Sýningin er samstarfsverkefni Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins en frumsýning verður fyrir norðan í byrjun næsta árs. Æfingar hefjast í haust og lofar Sigurður litríkri fjölskyldusýningu með nóg af bardaga- og tónlistaratriðum. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sér um tónlistina.

Sagan Gulleyjan er klassísk sjóræningjasaga skrifuð af Robert Louis Stevenson og kom fyrst út árið 1883. Björn Jörundur leikur einn alræmdasta sjóræningja bókmenntasögunnar, Langa Jón Silver eða Long John Silver, og þykir smellpassa í hlutverkið. Björn Jörundur sást síðast á sviði í Borgarleikhúsinu í vor þar sem hann setti upp sýninguna Nýdönsk í nánd ásamt félögum sínum í Nýdönsk.

„Við vorum ekki með neinar prufur fyrir þetta hlutverk því mér datt Björn strax í hug. Það verður gaman fyrir fólk að sjá hann láta ljós sitt skína á leiksviðinu á ný. Ég er viss um að hann á eftir að rúlla þessu upp,“ segir Sigurður, sem leikstýrir verkinu.

Björn Jörundur hafði ekki mikinn tíma til að spjalla þegar Fréttablaðið hafði samband í gær en hann var staddur lengst úti á sjó að veiða. Hann gaf sér þó stutta stund til að segja nokkur orð með trilluhljóð og mávaöskur í bakgrunni.

„Ég hef góða tilfinningu gagnvart þessu verkefni og held að sýningin verði stórskemmtileg. Ég hlakka til að hræða krakkana og mæður þeirra,“ segir Björn Jörundur í gegnum slitrótt samband og bætir við að það sé góður hópur með honum í þessu verkefni.

Spurður hvort hann þurfi að fara í skylmingatíma til að undirbúa sig fyrir hlutverkið svarar Björn Jörundur: „Ég býst ekki við að þurfa að fara í neina tíma til að læra það. Ég kann að munda mín sverð.“

**alfrun@frettabladid.is**

# Bjartmar í VIP-partíi Steinda

„Það verða þvílík „legend“ að troða upp,“ segir Steindi Jr., sem á föstudagskvöld fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar, Án djóks – Samt djók, á skemmtistaðnum Austur.

Tónlistaratriðin verða ekki af verri endanum. „Bjartmar Guðlaugs kemur, hann er í persónulegu uppáhaldi og það kom aldrei neitt annað til greina en að fá hann til að spila. Svo verða þarna Þórunn Antonía, Berndsen, Gnúsi Yones og Gísli Galdur. Svo spila ég auðvitað líka.“

Steindi og Rottweiler-hundurinn Bent halda partíið í samstarfi við Smirnoff. „Þetta verður skuggalegasta partí sem haldið hefur verið á Íslandi. Það verða bara boðsmiðar í partíið, svo það er heldur erfitt að fá miða.“ Verður þá allt þotuliðið á svæðinu? „Já, það má segja það. Jim Carrey, Ridley Scott, Charlize Theron og Oscar De La Hoya ætla öll að mæta,“ segir Steindi og hlær, en upp kemst um grínið þegar blaðamaður bendir á að hnefaleikakappinn sé þegar farinn af landi brott.

Hann segir að stemningin í partíinu endurspegli stemninguna á plötunni. „Það verður grínþema í partíinu. Sennilega verða hurðasprengjur á klósettinu og kannski mun einhver setjast á prumpublöðru,“ segir Steindi. Hann er hinn ánægðasti með nýju plötuna, sem inniheldur fimmtán lög úr þáttum Steinda sem hafa verið á Stöð 2. „Þetta er grínplata, en samt ekki, eins og nafnið gefur til kynna. Þessi plata á pottþétt eftir að skemmta fólki, enda algjör partíplata.“ **- ka**



**BOÐSMIÐARNIR TILBÚNIR** Steindi Jr. og Bent með boðsmiðana sem líta eins út og umslag plötunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir




# Nýtt útilitakort

Vandað litakort – fullt af hugmyndum.
Þú getur nálgast litakortið á sölustöðum um land allt.




**málning**
*-það segir sig sjálft-*

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 54695 06/11

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### KK á hátíð vímulausra

Edrú útivistarhátíð verður á Hlöðum í Hvalfirði um verslunarmannahelgina. Meðal þeirra sem þar skemmta er stórkanónan KK, en einnig verða þar leikarinn Björgvin Franz og félagar, Vintage Caravan og Of Monsters and Man svo einhverjir séu nefndir. Hátíðin er á vegum SÁÁ og því eru öll vímuefni að sjálfsögðu forboðin. „Það sést ekki vín á nokkrum manni,“ er ítrekað í tilkynningu um hátíðina sem ætluð er öllum aldurshópum. Auk skemmtiatriðanna verður margs konar afþreying og andleg iðja í boði.



### Barnalán hjá söngkonu

Söngkonan Védís Hervör Árnadóttir á von á öðru barni sínu í lok árs. Fyrir á Védís tveggja ára son með unnusta sínum, Þórhalli Bergmann. Það verður því í nógu að snúast hjá parinu á næstunni. Védís hefur verið iðin við kolann undanfarin ár en ásamt því að gefa út plötuna, A Beautiful Life – Recovery Project, upp á eigin spýtur og læra mannfræði við Háskóla Íslands hefur hún verið að fást við tónlistarstjórn í leikhúsunum. Síðast sá hún um tónlistina í sýningunni Hver þolir dagsljósið? - fb



## Mest lesið vísir

1. Bifhjólamaður mældur á 237 km hraða
2. Fór jafn hratt og Boeing 737 þota í flugtaki
3. Ökumaður fæddur 1992 á ofsahraða
4. Snarpur jarðskjálfti í Mýrdalsjökli
5. Lögreglustjóri Lundúna segir af sér


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



**SUMARTILBOÐ**

**OG NÝJAR VÖRUR**



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**



**BOARD S-CAPE**
**WALLHUGGER**
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.



**50%** afsláttur af Lille rúmstæðum

**70%** afsláttur af pífu pilsum á rúm
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.



Stóri stuðningspúðinn kominn aftur **19.900**



**50%** afsláttur af rúmstæðum
Í ljósum og dökkum kirsuberjavið
160 cm, 180 cm og 193 cm.
Verð frá **41.450**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**




Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.




**Svefn & heilsa** ★★★★★
www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**